



Efnisyfirlit

Ávarp forstöðumanns	2
Starfsemi og skipulag Rannís	4
Kafli 1 – Rannís veitir íslensku vísinda- og tæknisamfélagi aðstoð til framþróunar á innlendum og erlendum vettvangi	5
Umsýsla og rekstur opinberra samkeppnissjóða	5
Alþjóðastarf	10
Kafli 2 – Rannís er samstarfsvettvangur til undirbúnings og framkvæmdar opinberrar vísinda- og tæknistefnu	22
Stjörnu-Oddi hlýtur nýsköpunarverðlaunin	30
Kafli 3 – Rannís gerir áhrif rannsókna á þjóðarhag og hagvöxt sýnileg	31
Dr. Agnar Helgason hlýtur hvatningarverðlaun Vísinda- og tækniráðs...	39
Hagtölur rannsókna og þróunar	41
Starfsmenn Rannís	52
Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings	54
Áritun endurskoðenda	55
Rekstrarreikningur árið 2006	56
Efnahagsreikningur 31. desember 2006	57
Viðaukar	58

Ávarp forstöðumanns

Mér er það sönn ánægja að fylgja úr hlaði skýrslu um starfsemi Rannsóknamiðstöðvar Íslands, Rannís, á árinu 2006. Glögg má sjá breiddina í starfi Rannís sem hefur á árinu treyst sig enn frekar í sessi sem miðstöð hins opinbera stjórnskerfis rannsókna, þróunar og nýsköpunar. Á árinu var undirritaður árangursstjórnunarsamningur við menntamálaráðherra og langtímaáætlun stofnunarinnar fram til ársins 2009 mótuð og samþykkt. Niðurstöður stefnumótunarferlis árána 2004 og 2005, um hlutverk, markmið og leiðir í starfinu voru þar með staðfestar og mælikvarðar undirbúnir. Rannís lét enn fremur gera viðhorfskönnun á árinu með lagskiptu úrtaki úr helstu markhópum stofnunarinnar. Rannís fær þar góðan vitnisburð og gefur vísbendingar um að stofnunin sé á réttri leið.



Samkeppnissjóðirnir efdust enn á árinu í samræmi við rammaáætlun ríkisstjórnarinnar og var umsýslan og jafningjamatið snurðulaust að vanda, enda byggir starfið á áratuga langri reynslu Rannís og nánú samstarfi við erlendar systurstofnanir. Aukin aðkoma erlendra matsmanna tryggir enn frekar alþjóðlega gæðamælikvarða.

Ísland ver í samanburði þjóða hlutfallslega miklu opinberu fé til rannsókna og þróunar. Þrátt fyrir það og þótt tekið sé tillit til eflingar samkeppnissjóðanna þá leggur Ísland mun lægra hlutfall opinbers fjármagns í samkeppni en flestar þær þjóðir sem við berum okkur saman við. Frekari efling samkeppnissjóðanna ætti því að vera forgangsverkefni áfram sem áður, en fjármögnun í samkeppni eykur verulega líkurnar á því að opinberar fjárfestingum til rannsókna og þróunar nýtist í samræmi við skilgreindar þarfir og gæðamælikvarða. Samkeppnisfjármagn þarf ekki síst að vera nægilega mikið til þess að hægt sé að veita stóra styrki til lengri tíma. Sérstaklega er þörf á eflingu Rannsóknasjóðs en vöxtur hans hefur verið nánast mjög lítill að raungildi á meðan heildar fjármagn sjóðanna hefur meira en tvöfaldast. Eins hefur Rannsóknarnámssjóður setið eftir með nánast enga raunhækkun.

Rannís lagði á árinu mikla áherslu á að vera vettvangur kynningar og umræðu um vísindi, tækni og nýsköpun bæði meðal almennings og fyrir vísinda- og tæknisamfélagið. Starfið var unnið á þeim grunni fyrri ára og er stefnt að því að sem flestir helstu viðburðirnir verði árlegir. Haustþing Rannís hefur staðfest sess sinn sem vettvangur til skoðanaskipta vísinda- og tæknisamfélagsins um málefni sem brenna hverju sinni. Í ár var fjallað um hlutverk vísindamannsins í þjóðfélagsumræðunni en slík umræða var ofarlega á baugi í þjóðfélaginu á árinu. Að öðru ólöstuðu var hápunktur starfsins á almennum vettvangi Vísindavakan, á degi hins evrópska vísindamanns í september og tilheyrandi vísindakaffi. Á Vísindavöku voru í fyrsta sinn veitt verðlaun fyrir vísindamiðlun.

Rannís gegnir mikilvægu hlutverki í alþjóðasamstarfi sem á árinu var öflugra en nokkru sinni fyrr. Náið samstarf við systurstofnanir á norrænum og öðrum evrópskum vettvangi hefur reynst árangursríkt og skerpir alþjóðleg viðmið í starfinu, ekki síst varðandi rekstur sjóða, jafningjamat og greiningarstarf. Sjöttu rannsóknáætlun ESB lauk á árinu og er ánægjulegt



að sjá merki þess að enn hafi íslenskum stofnunum og fyrirtækjum tekist vel að nýta þessa fjárfestingu íslenska ríkisins í tækifærum. Unnið var að undirbúningi sjöundu rannsóknáætlunar ESB á árinu en áætlunin er sú stærsta hingað til og til sjö ára. Mikið er í húfi að nýta þau nýju sóknarfæri sem þar bjóðast enda fjárfesting Íslands þar meiri en nokkru sinni fyrr. Rannís vann ötullega að því að virkja þátttöku Íslands í mótun áætlunarinnar og komu nánast allir starfsmenn Rannís á einn eða annan hátt að því starfi.

Rannís tók á árinu þátt í nokkrum ERA-netum sjöttu rannsóknáætlunarinnar. ESB fjármagnar þetta starf og hafa nokkur þessara neta orðið flaggskip ESB á þessu sviði. Markmið ERA-netanna er að auka samvinnu og samhæfingu í fjármögnun rannsókna á tilgreindum sviðum, meðal annars með bættu verklagi og samspili fjárveitinga. Rannís tók þátt í nokkrum sameiginlegum útboðum um rannsóknastyrki á sviði matvælaöryggis, markfæðis og efnistækni. Þessi tækifæri reyndust íslenskum vísindamönnum og stofnunum happadhrjúg. Þau byggðu öll á aðkomu íslenskra samkeppnissjóða sem bakhjarla auk þess sem sérstakri fjárveitingu var varið til matvælarannsóknanna fyrir tilstilli ráðuneyta iðnaðar, landbúnaðar, sjávarútvegs og umhverfis. Sameiginleg fjármögnun á norrænum vettvangi jókst enn fremur með nýjum öndvegisáætlunum NordForsk. Sviðsbundið samstarf sem þetta verður sífellt viðameira og má búast við fjölmörgum nýjum tækifærum á komandi árum. Enn hafa ekki verið mótaðar leiðir til að ákvörðunartöku og fjárveitinga til þátttöku í slíkri sértækri samfjármögnun. Brýn þörf er á að finna slíkar leiðir.

Í hinu opinbera stjórnsýslukerfi vísinda, tækni og nýsköpunar er þörf fyrir gögn og upplýsingar til stuðnings stefnumótun sífellt brýnni. Rannís hefur á árinu unnið ötullega að því að skapa slíkt undirlag. Meðal verkefna er Rannsóknarvögin og nýsköpunarkönnunin (CIS), sem unnar voru á árinu 2006 og eru niðurstöður birtar 2007. Slíkar mælingar, sem gerðar eru annað hvert ár gefa yfirlit yfir fjárfestingar hins opinbera og einkageirans og stöðu nýsköpunar í landinu. Mikilvægt er að vakta aðra vísa til þess að byggja undir stefnumótun framtíðar og er þar fremst að telja árangur, afrakstur og áhrif á þjóðarhag. Rannís tekur virkan þátt í umræðu og þróun slíkra mælikvarða á vettvangi OECD, Eurostat og í norrænu samstarfi systurstofnana. Í því samhengi höfum við unnið í fjölmörgum samnorrænum verkefnum á vegum norrænu nýsköpunarmiðstöðvarinnar, NICE. Á þessum grundvelli hefur Rannís á árinu hafið útgáfu á ritröð um rannsóknir, þróun og nýsköpun og haldið málþing til þess að kynna þessar niðurstöður. Þetta starf var umfangsmeira en áður og brýnt að tryggja fjárhagslegt bolmagn til að halda þeim dampi.

Ég hef hér að framan dregið á nokkra punkta í starfseminni og vísa í nánari umfjöllun á eftirfarandi síðum. Sem fyrr byggir starf Rannís á góðu samstarfi við aðra aðili hins opinbera kerfis, ráðuneyti, Vísinda- og tækniráð og nefndir þess, en ekki síst vísinda- og tæknisamfélagið sem heild. Sérstakar þakkir til allra fulltrúa þess sem koma að stjórnnum, nefndum, og fagráðum og til þeirra sem eru fulltrúar okkar í samstarfi á innlendum og erlendum vettvangi. Hlutverki Rannís verður ekki sinnt án virkrar þátttöku ykkar allra.

Hans Kristján Guðmundsson.

Starfsemi og skipulag Rannís


Rannsóknamiðstöð Íslands (Rannís) heyrir undir menntamálaráðherra og starfar samkvæmt lögum nr. 3/2003 um opinberan stuðning við vísindarannsóknir.

Starfsemi Rannís er skipt á fimm svið; stjórnsýslusvið, rannsókn- og nýsköpunarsvið, alþjóðasvið, greiningarsvið og upplýsingasvið. Sviðin vinna saman að eftirfarandi meginverkefnum stofnunarinnar:

- Rannís veitir íslensku vísinda- og tæknisamfélagi aðstoð til framþróunar á innlendum og erlendum vettvangi.
- Rannís er samstarfsvettvangur til undirbúnings og framkvæmdar opinberrar vísinda- og tæknistefnu.
- Rannís gerir áhrif rannsókna á þjóðarhag og hagvöxt sýnileg.

Rannís gegnir margþættu hlutverki í stuðningskerfi rannsókna og nýsköpunar sem var endurskoðað árið 2003. Stofnunin er framkvæmdaraðili opinberra rannsóknarmála á Íslandi, til þjónustu og aðstoðar við stjórnvöld, vísinda- og tæknisamfélagið og þjóðfélagið allt. Starf Rannís byggir á áratuga langri hefð íslenskra rannsóknarráða og tók hún m.a. við framkvæmdahlutverki Rannsóknarráðs Íslands sem lagt var niður.

Skipurit Rannís





Kafli 1

Rannís veitir íslensku vísinda- og tæknisamfélagi aðstoð til framþróunar á innlendum og erlendum vettvangi

Umsýsla og rekstur opinberra samkeppnissjóða

Flestir þeirra opinberu samkeppnissjóða sem styðja íslenskar rannsóknir og tækniþróun voru í vörslu Rannís árið 2006. Þeir eru:

- Rannsóknasjóður
- Tækjasjóður
- Rannsóknarnámssjóður
- Markáætlun á sviði örtækni og erfðafræði í þágu heilbrigðis
- Launasjóður fræðiritahöfunda
sem heyra allir undir menntamálaráðherra, og
- Tækniþróunarsjóður
sem heyrir undir iðnaðarráðherra.

Hver þessara sjóða hefur ákveðið hlutverk í hinu opinbera stuðningskerfi og fara sérstakar sjóðstjórnir með ákvörðunarvald til úthlutunar styrkja. Allir sjóðirnir veita tímabundinn verkefnastuðning til allt að þriggja ára nema Tækjasjóður sem veitir styrki til tækjakaupa rannsóknastofnana. Þar sem verksvið sjóðanna skarast var haft samráð eins og kostur var til þess að auka samfellu í starfi þeirra. Samstarf var enn fremur við aðra opinbera samkeppnissjóði svo sem AVS-sjóðinn og Framleiðnisjóð landbúnaðarins í sama tilgangi.

Rannís sér um rekstur sjóðanna, á samskipti við umsækjendur og styrkþega, skipuleggur og sér um matsferlið, samningsgerð og eftirfylgni verkefna er hljóta stuðning. Allir sjóðirnir veita stuðning að undangengnu faglegu mati samkvæmt fyrirfram gefnum mælikvörðum á gæði verkefna. Hjá Rannsóknasjóði, Tækniþróunarsjóði og markáætlun er matið í höndum fagráða sem leita einnig til ytri matsmanna. Aðrar sjóðstjórnir leita til ytri matsmanna eftir þörfum. Þannig komu auk stjórnarmanna tugir fagráðsfulltrúa og hundruð ytri matsmanna að faglegru umfjöllun umsókna. Þetta matsferli er grundvöllur úthlutana í samkeppni.

Rannsóknasjóður

Hlutverk sjóðsins er að styrkja vísindarannsóknir á Íslandi, bæði grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir. Tekjur sjóðsins eru framlag úr ríkissjóði og var 560 m.kr. árið 2006. Meginhluti ráðstöfunarfjár sjóðsins fer í styrki til ýmissa rannsóknaverkefna (öndvegisstyrkir, verkefnisstyrkir, rannsóknastöðustyrkir, forverkefnis-, kynningar- og einkaleyfisstyrkir). Umsóknarfrestur fyrir styrkárið 2006 var 1. október 2005 og úthlutun öndvegis-, verkefnis- og rannsóknastöðustyrkja lá fyrir í byrjun febrúar 2006.

Umsóknir til Rannsóknasjóðs fyrir styrkarið 2006 (öndvegis-, verkefnis- og rannsóknastöðustyrkir og umsóknir um forverkefnis-, kynningar og einkaleyfisstyrki) voru alls 416, þar af 135 umsóknir um styrki til framhaldsverkefna og 281 til nýrra verkefna.

Stjórn Rannsóknasjóðs úthlutaði til 213 verkefna, þar af 128 framhaldsverkefna og 85 nýrra verkefna. Alls var úthlutað 11 öndvegisstyrkjum, 172 verkefnisstyrkjum, 18 rannsóknastöðustyrkjum og samtals 12 styrkjum til forverkefnis-, kynningar- og einkaleyfisumsókna. Samtals var úthlutað 577,8 millj.kr. að meðtöldu framlagi annarra sjóða til nokkurra verkefna. Árangurshlutfall nýrra umsókna 2006 var um 30% (af fjölda umsókna).


Framleiðnisjóður landbúnaðarins tók þátt í að styrkja 7 verkefni í samstarfi við Rannsóknasjóð, 5 framhaldsverkefni og 2 ný verkefni.

Tækjasjóður styrkti sérstaklega tækjakaup í samstarfi við Rannsóknasjóð í 6 nýjum verkefnum að upphæð 5,1 millj.kr.

Stjórn Rannsóknasjóðs veitti einn styrk að upphæð 1,0 millj.kr. úr styrktarsjóði Sigurðar Jónssonar og Helgu Sigurðardóttur. Styrkinn hlaut Bergljót Magnadóttir, Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, til verkefnisins – Bráðasvar í þorski (*Gadus morhua* L.) með áherslu á C-reactive prótín (CRP)próteins í frumum.

Tafla 1: Rannsóknasjóður 2006 – Nýjar umsóknir og styrkir (Fjöldi nýrra umsókna, fjöldi nýrra styrkja, sótt um í m.kr., veitt í m.kr. og úthlutunarhlutfall).

Styrktegund	Fjöldi umsókna	Fjöldi styrkja	Sótt um	Veitt	Úthlutunarhlutfall
Öndvegisstyrkir	10	3	105,8	21,5	30,0%
Verkefnisstyrkir	231	65	676,2	151,4	28,1%
Rannsóknastöðustyrkir	25	5	90,0	18,0	20,0%
Forverkefnis-, kynningar- og einkaleyfisstyrkir	15	12	9,3	6,0	80,0%
Samtals:	281	85	881,3	196,9	30,2%



Mynd 1: Rannsóknasjóður 2006 – Hlutfallsleg skipting styrkja (nýir verkefni- og rannsóknastöðustyrkir) á stofnanir (eftir stofnun/vinnustað verkefnisstjóra).

Tækjasjóður

Hlutverk sjóðsins er að veita rannsóknastofnunum styrki til kaupa á dýrum tækjum og búnaði til rannsókna. Tekjur sjóðsins eru af einkaleyfisgjaldi Hapdrættis Háskóla Íslands. Við úthlutun úr sjóðnum er tekið mið af úthlutunarstefnu Rannsóknasjóðs á hverjum tíma. Stjórn Rannsóknasjóðs fer með stjórn Tækjasjóðs. Umsóknarfrestur var 15. janúar 2006 og úthlutun lá fyrir í lok mars 2006.

Umsóknir í sjóðinn árið 2006 voru alls 58. Sótt var um samtals 263 m.kr.

Stjórn sjóðsins samþykkti úthlutun til 40 verkefna og úthlutað var alls 177 m.kr.

Tækniþróunarsjóður

Hlutverk sjóðsins er að styðja þróunarstarf og rannsóknir á sviði tækniþróunar sem miða að nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Tekjur sjóðsins eru framlag úr ríkissjóði sem var 460 m.kr. árið 2006. Sjóðurinn styður m.a. rannsóknar- og þróunarþætti í framleiðslu vöru og þjónustu, uppbyggingu þekkingar og færni til að fást við rannsóknar- og þróunarstarfsemi, gerð viðskiptaáætlana, markaðskannana og þróun og smíði sýniseintaka vöru og/eða þjónustu sem ætluð eru til rannsókna og prófana. Umsóknarfrestir voru tveir á árinu, 15. febrúar og 15. september.


Umsóknir í sjóðinn árið 2006 voru alls 144. Sótt var um samtals 958,019 m.kr.

Stjórn sjóðsins samþykkti úthlutun til 71 verkefnis og úthlutað var alls 460,664 m.kr.

Tafla 1: Tækniþróunarsjóður 2006. Umsóknir og styrkir. (Fjöldi nýrra umsókna, fjöldi nýrra styrkja, sótt um í m.kr., veitt í m.kr. og úthlutunarhlutfall.)

	Fjöldi umsókna	Fjöldi styrkja	Sótt um m.kr.	Veitt m.kr.	Úthlutunarhlutfall
Nýjar umsóknir í febrúar:	61	19	440,231	145,208	33%
Nýjar umsóknir í september:	41	15	278,836	99,988	36%
Framhaldsumsóknir:	32	32	229,242	210,568	92%
Forverkefnisumsóknir:	10	5	9,710	4,900	50%
Samtals:	144	71	958,019	460,664	

Tækniþróunarsjóður – samtals 2006.
Nýjar umsóknir – fjöldi styrkja.




Mynd 1: Tækniþróunarsjóður 2006 - Hlutfallsleg skipting verkefna sem hlutu stuðning eftir aðsetri verkefnisstjóra.

Rannsóknarnámssjóður

Hlutverk Rannsóknarnámssjóðs er að veita styrki til rannsóknartengds framhaldsnáms á grundvelli reglna sem menntamálaráðherra setur. Sjóðurinn veitir efnilegum nemendum sem lokið hafa tilskildu grunnnámi í háskóla styrki til meistara- eða doktorsnáms. Sjóðurinn veitir tvenns konar styrki, almenna styrki til meistara- eða doktorsnáms og FS-styrki til að efla samvinnu stofnana, fyrirtækja og háskóla um doktorsnám.

Umsóknir árið 2006 voru alls 123, þar af 4 um FS-styrki. Sótt var um alls 219,7 m.kr. til áraanna 2006–2008.

Stjórn sjóðsins samþykkti úthlutun til 50 verkefna, þar af 4 FS-styrki. Úthlutað var alls 58,5 m.kr. til allt að fjögurra ára. Hver styrkur er þó aðeins veittur til þriggja ára eða skemur.



Mynd 1: Rannsóknarnámssjóður – Fjöldi umsókna og styrkja frá upphafi (1993-2006).

Markáætlun á sviði erfðafræði í þágu heilbrigðis og örtækni

Árið 2005 var ýtt úr vör nýrri markáætlun sem ber heitið **Erfðafræði í þágu heilbrigðis og örtækni**. Ákvörðunin um viðfangsefni þessarar nýju áætlunar var byggð á mati starfsnefnda Vísinda- og tækniráðs á tillögum frá vísindasamfélagi og atvinnulífi um nýjar markáætlanir, en auglýst var eftir tillögum haustið 2004. Hin nýja áætlun var undirbúin sameiginlega af vísindanefnd og tækninefnd Vísinda- og tækniráðs.

Markáætlunin er skipulögð í tveimur lotum og nær fyrri lotan til tveggja fyrstu áraanna. Var úthlutað úr áætluninni árið 2005 samtals 185,2 m.kr. til áraanna 2005–2006. Engin úthlutun var því á árinu 2006 nema til tveggja forverkefna. Seinni lotan nær til þriggja síðustu áraanna (2007 til 2009) og er gert ráð fyrir einum umsóknarfresti á árinu 2007.

Launasjóður fræðiritahöfunda

Hlutverk sjóðsins er að auðvelda ritun bóka og verka í stafrænu formi, til eflingar íslenskri menningu. Rétt til að sækja um starfslaun úr sjóðnum hafa höfundar alþýðlegra fræðirita, handbóka, orðabóka og viðamikils upplýsingaefnis á íslensku í ýmsu formi. Starfslaun eru veitt til hálfis árs eða eins árs, til tveggja ára eða þriggja.

Umsóknir í sjóðinn árið 2006 voru alls 51. Stjórn sjóðsins samþykkti úthlutun starfslauna til 8 verkefna og úthlutað var alls 11,8 m.kr.

Alþjóðastarf

Ísland hefur um langt skeið tekið virkan þátt í alþjóðasamstarfi í vísindum, tækni og nýsköpun. Þetta samstarf hefur gefið íslenskum vísinda- og tæknimönnum óteljandi tækifæri, til menntunar, þjálfunar og til samstarfs. Sérstaklega á seinni árum hafa gefist veruleg sóknarfæri til samfjármögnunar á stærri verkefnum og ber þar kannski hæst aðild Íslands að rammaáætlunum ESB þar sem íslensk fjárfesting í aðildargjaldi hefur skapað virðisauka í íslensku vísinda- og þróunarstarfi umfram beinar fjárfestingar innanlands. Hið sama má segja um norrænt og annað evrópskt samstarf sem og þá möguleika sem eru á samstarfi í vesturátt og öðrum alþjóðlegum vettvangi.

Það hefur sýnt sig bæði á norrænum og á evrópskum vettvangi að það fé sem lagt er í sameiginlega sjóði kemur verulega aukið til baka og er það auðvitað mælikvarði á heilbrigði og styrk íslensks vísinda- og tæknisamfélags í harðri alþjóðlegri samkeppni.

SAMSTARF Á VEGUM ESB

6. rannsóknáætlun ESB

Rannís fór með umsjá þátttöku Íslands í 6. rannsóknáætlun ESB um rannsóknir og þróun en áætluninni, sem var til fjögurra ára lauk í desember 2006. Rannís sá um kynna áætlunina og þau tækifæri sem hún gaf íslensku vísindasamfélagi, aðstoðaði við leit að erlendum samstarfsaðilum, veitti upplýsingar og ráðgjöf varðandi umsóknir og framkvæmd verkefna.

Alls sótti 381 íslensk stofnun, fyrirtæki og háskólar um styrki fyrir 307 samstarfsverkefni í áætlunina á árunum 2002–2006. Við lok árs 2006 hafði 91 verkefni með 118 íslenskum þátttakendum hlotið styrk að upphæð alls € 23.115.483 sem samsvarar 30%



allra umsókna með íslenskri þátttöku. Flest þeirra verkefna er hlutu styrki eru á sviði orku- og umhverfisrannsókna, upplýsingatækni og erfða- og líftækni.

Til samanburðar við þátttöku Íslands í fyrri rannsóknaáætlunum ESB á árunum 1994–2002 þá eru styrkt verkefni færri en verkefnin eru stærri og styrkirnir hærri.

Rannís hefur sjálf tekið þátt í ýmsum verkefnum áætlunarinnar sem miða að því að auka íslenska þátttöku. Árið 2006 átti Rannís aðild að eftirtöldum verkefnum:

RURAL-ETINET var sérstakt átaksverkefni til að styðja við þátttöku lítilla og meðalstórra fyrirtækja í verkefnum 6. RÁ á sviði nýstárlegrar uppskeru, framleiðslu á bændabýlum, skógrækt, meðferð úrgangs eða annars sem lýtur að vistkerfi. Verkefninu lauk í desember 2006.

MAPO er 2 ára átaksverkefni til að styðja við þátttöku lítilla og meðalstórra fyrirtækja í verkefnum 6. og 7. RÁ á sviðum er tengjast sjávarmengun á einn eða annan hátt. Verkefnislok eru í september 2007.

<http://www.marine-pollutions.org>

Auk þessara verkefna tók Rannís þátt í öðrum sérverkefnum í samstarfi við systurstofnanir í Evrópu sem getið verður hér að neðan.

ERA-Net

Rannís á aðild að fjölda ERA-Net – verkefna, sem fjármögnuð eru af 6. rannsóknaáætlun Evrópusambandsins. Verkefni þessi gefa tækifæri til að hafa áhrif á mótun evrópskrar vísinda- og tæknistefnu og þátttöku í fjármögnun evrópskra rannsóknaverkefna í samstarfi við aðra umsjónaraðila rannsóknasjóða í Evrópu. Markmið ERA-Net verkefna er að auka samstarf evrópskra rannsóknasjóða og styðja við þróun evrópsks rannsóknasvæðis.

EraSME

EraSME er ætlað að auka samstarf rannsóknasjóða sem styrkja verkefni unnin í samvinnu lítilla og meðalstórra fyrirtækja og rannsóknastofnana. EraSME snýr því ekki að neinu ákveðnu rannsóknasviði ólíkt flestum ERA-NETum.

Rannís hefur verið þátttakandi í EraSME frá árinu 2004 en samtals eiga 20 stofnanir sem sjá um umsýslu rannsóknasjóða í 21 Evrópulandi aðild að verkefninu. Rannís hefur farið með mikilvægt hlutverk í samstarfinu og leiddi skipulagningu sameigin-

legrar verkefna fjármögnunar á sviði markfæðis árið 2006. Tvær umsóknir bárust með íslenskri þátttöku.

Íslensk þátttaka í verkefnum er fjármögnuð af Tækniþróunarsjóði. Umsóknir þurfa að standast innlent mat skv. reglum sjóðsins á sama hátt og önnur verkefni sem fjármögnuð eru af Tækniþróunarsjóði.

NORFACE – ERA-Net

Þann 1. janúar 2004 hófst samstarf sjö evrópskra stofnana sem styrkja rannsóknir í félagsvísindum. Verkefnið er til fimm ára. Auk Rannís taka systurstofnanir frá hinum Norðurlöndunum þátt í samstarfinu ásamt stofnunum frá Írlandi og Englandi. Haustið 2005 stækkaði hópurinn með tilkomu Þýskalands, Hollands, Eistlands, Slóveníu og Portúgals. Samstarfið er styrkt af 6. rammaáætlun ESB (ERA-Net). Rannís tekur þátt í samstarfinu með Rannsóknasjóð sem bakhjarl. Hlutur Íslands í væntanlegri sameiginlegri fjármögnun áætlana lækkar úr 1% í 0,3% við stækkunina.

Markmið samstarfsins er margþætt. Í því felst meðal annars:

- Að bæta og auka samvinnu um fjármögnun rannsókna og gera vísindamönnum þannig auðveldara að fjármagna samstarfsverkefni sem ganga þvert á landamæri samkeppnissjóða.
- Að deila upplýsingum um reglur og starfsaðferðir, bera þær saman og gagnrýna. Þær reglur og aðferðir sem NORFACE-þátttakendur eru sammála um að séu bestar verða notaðar í samstarfinu og vonandi verður þessi vinna til þess að bæta reglur og starfsaðferðir í hverju landi fyrir sig, þar sem þess er þörf.
- Að standa sameiginlega að fjármögnun rannsóknaverkefna í félagsvísindum.

Snemma árs 2006 skilaði Rannís skýrslu af málþingi árið áður um kynjajafnrétti í rannsóknum. Skýrslan var kynnt stjórn og samþykkt.

Önnur umferð í fjármögnun rannsóknamállþinga var haldin árið 2006. Engin umsókn með íslenskri þátttöku fékk styrk.

Árið 2006 var auglýst eftir umsóknum um styrki úr tilraunaáætlun NORFACE til fjármögnunar rannsókna. Ein umsókn með íslenskri þátttöku barst. Hún fékk ekki styrk.

Hrafnhildur Ragnarsdóttir var fulltrúi Rannís í stjórn NORFACE fram á haust, en þá tók við Unnur Dís Skaptadóttir. Eiríkur Smári Sigurðarson, Rannís, er stjórnslufulltrúi.



HERA ERA-Net

Þann 1. mars 2005 hófst samstarf 14 evrópskra stofnana sem styrkja rannsóknir í hugvísindum, þ.á.m. ESF. Verkefnið er til fjögurra ára. Rannís tekur þátt í samstarfinu með Rannsóknasjóð sem bakhjarl. Markmið samstarfsins eru þau sömu og í NORFACE. Þó er sérstök áhersla lögð á vinnu við innviði rannsókna í hugvísindum.

Á árinu hefur verið unnið að uppbyggingu stjórnsýslu netsins, sem byggir að verulegu leyti á NORFACE. Þann 22. nóvember 2006 var önnur árlega HERA ráðstefnan haldin í Helsinki.

Guðrún Nordal er fulltrúi Rannís í stjórn HERA. Eiríkur Smári Sigurðarson er stjórnsýslufulltrúi.

SAFEFOODERA

SAFEFOODERA www.safefoodera.net er ERA-Net-verkefni til fjögurra ára sem lýkur í ágúst 2008. Norræna nýsköpunarmiðstöðin stýrir verkefninu en verkefnisstjóri er Oddur Már Gunnarsson. Fulltrúi Rannís í stjórn er Hans Kristján Guðmundsson. Þátttakendurnir 26 sem standa að fjármögnun verkefna á sviði matvælaöryggis, eru frá 18 löndum. Stefnt er að því að skapa samstarfsvettvang um öryggi matvæla milli þessara aðila og að þeir taki höndum saman við rannsóknir með það að markmiði að tryggja öryggi matvæla.

Árið 2006 var auglýst eftir verkefnaumsóknum á eftirtöldum sviðum

1. Sýklahreini framleiðsluferli
2. Sýklar sem dreifast með dýrum
3. Viðbrögð við óþekktum vörum

Fjögur verkefni hlutu stuðning og eru Háskóli Íslands, Rannsóknarstofa í meinafræðum og Matís ohf. þátttakendur í þremur þeirra. Að auki er Viggó Marteinson, deildarstjóri hjá Matís ohf., verkefnisstjóri eins þessara verkefna.

Iðnaðarráðuneyti, sjávarútvegsráðuneyti, umhverfisráðuneyti, Framleiðnisjóður landbúnaðarins, Tækniþróunarsjóður og Rannsóknasjóður lögðu fram hlut Íslands í þessa sameiginlegu verkefnasjóði.

Fjölmargir íslenskir vísindamenn og sérfræðingar hafa komið að vinnu í tengslum við SAFEFOODERA bæði í vinnuhópum og matsnefndum.

Á árinu sóttu Lettland, Litháen, Króatía, Tékkland og Brasilía um aðild að SAFE-FOODERA

Nú er unnið að undirbúningi verkefnaútboðs sem verður birt í janúar árið 2008.

MATERA ERA-Net

Í febrúar 2005 hófst MATERA, ERA-Net á sviði efnistækni og verkfræði 16 aðilar frá 14 löndum taka þátt í verkefninu sem er til fjögurra ára og eru helstu markmið að mynda varanlegan samstarfsvettvang fyrir aðila er vinna að fjármögnun verkefna og áætlana á sviði efnisvísinda og efnisverkfræði í Evrópu. Snæbjörn Kristjánsson er fulltrúi Rannís í stjórn MATERA og Ingólfur Örn Þorbjörnsson, Iðntæknistofnun, er stjórnslufulltrúi.

ECORD ERA-Net

Evrópski vettvangur rannsóknaborana í hafi („The European Consortium for Ocean Research Drilling“), ECORD er hinn evrópski armur alþjóðlegu vísindaáætlunarinnar um boranir í hafi, IODP er tekur til rannsókna á hafsbotninum. Samstarfið er skipulagt sem ERA Net með fjárveitingu frá ESB. Sautján Evrópulönd eiga aðild að ECORD, en Bretland, Frakkland og Þýskaland eru burðarásar þess. Rannís hefur átt aðild að IODP samstarfinu og ECORD frá upphafi.

Fulltrúar Rannís í stjórn ECORD voru Ingibjörg Elsa Björnsdóttir, Rannís og Ármann Höskuldsson og fulltrúar í vísindanefnd ECORD Bryndís Brandsdóttir og Guðrún Helgadóttir.

Evrópska rannsóknastarfatorgið

Rannís hélt áfram að aðstoða íslenskt og erlent vísindafólk við vistaskipti og búferlaflutninga innan ramma verkefnisins Evrópska rannsóknastarfatorgið. Gefinn var út yfirgripsmikill upplýsingabæklingur með hagnýtum upplýsingum fyrir sívaxandi hóp erlends rannsóknafólks hér á landi og áfram var unnið að því að uppfæra upplýsingar á vefsíðunni www.eracareers.is. Sífellt fleiri fyrirtæki og stofnanir hafa notfært sér að auglýsa rannsókn- og vísindastörf alþjóðlega á Evrópska rannsóknastarfatorginu www.europa.eu.int/eracareers.



NORRÆNT SAMSTARF

Norræna nýsköpunarmiðstöðin – NICE

Norræna nýsköpunarmiðstöðin (Nordisk Innovations Center, NICE) vinnur að virkum innri markaði Norðurlanda án landamæra með frjálsum flutningi hugmynda, fjármagns, þjónustu, fólks og afurða. Stofnunin stuðlar að aukinni samhæfingu nýsköpunarkerfa Norðurlandanna með því að fyrirtæki í einu ríki geti sótt um aðstoð frá nýsköpunarkerfi í öðru. Markmiðið er sameiginlegur þekkingarmarkaður á Norðurlöndum. Meginreglan við forgangsriðun stofnunarinnar er að rannsóknir og þróunarstarf á Norðurlöndum sé í aðalatriðum mál viðkomandi ríkis en takmarkað fjármagn Norrænu nýsköpunarmiðstöðvarinnar er notað til að hámarka nýtingu þekkingar þvert á landamæri. Rannís er í nánum tengslum við NICE og er stofnuninni til ráðgjafar m.a. um mat á verkefnum, tilnefningar í vinnuhópa o.fl. Tengiliður Rannís við Norrænu nýsköpunarmiðstöðina var Oddur Már Gunnarsson. Fulltrúi Íslands í stjórn NICE var Sveinn Þorgrímsson.

Norræna rannsóknamiðstöðin, NordForsk

Norræna rannsóknamiðstöðin, NordForsk, er norræn stofnun sem sameinaði meginhluta þess norræna rannsóknasamstarfs sem unnið er undir hatti Norrænu ráðherranefndarinnar á sviði vísinda. Stofnunin hóf starfsemi sína í upphafi árs 2005 og tók meðal annars við hlutverki NorFA og Norræna vísindastefnuráðsins. Rannís hefur umsjón með starfi NordForsk fyrir Íslands hönd en stofnunin vann á árinu að stefnumótun sinni auk þeirra verkefna sem stofnunin tók við svo sem stuðning við námskeið, netsamstarf og rannsóknarskóla. Tengiliður Rannís við NordForsk var Hans Kristján Guðmundsson. Fulltrúi Íslands í stjórn NordForsk var Guðrún Nordal.

Norrænar samstarfsnefndir – NOS

Rannsóknarráðskerfin á Norðurlöndum hafa með sér samstarf á fjórum helstu fagsviðum grunnvísinda, í svokölluðum NOS-nefndum. Nefndirnar eru þrjár, NOS-HS (á sviði hug- og félagsvísinda), NOS-M (á sviði læknávisinda) og NOS-N (á sviði náttúruvísinda). Rannís á fulltrúa í nefndunum þremur og voru þeir á árinu 2005:

Hrafnhildur Ragnarsdóttir, prófessor, Kennaraháskóla Íslands, í NOS-HS. Guðrún Nordal prófessor tók við haustið 2006 en sagði sig úr nefndinni í desember, þegar hún var skipuð í stjórn NordForsk.

Dr. Jóna Freysdóttir, Landspítala-háskólasjúkrahúsi, í NOS-M.

Dr. Gunnlaugur Björnsson, Raunvísindastofnun H.Í., í NOS-N.

Tengiliðir Rannís í störfum samstarfsnefndanna árið 2006 voru Eiríkur Smári Sigurðarson (NOS-HS) og Kristján Kristjánsson (NOS-M og NOS-N).

Norræn öndvegissetur – NCoE

Að frumkvæði NOS-nefndanna hafa nokkrar öndvegisáætlanir verið settar á fót og eru innan þeirra rekin nokkur öndvegissetur. Rannís er aðili að þessum áætlunum með Rannsóknasjóð sem bakhjarl og greiðir framlag Íslands til þeirra. Þessar áætlanir eru:

NCoE á sviði náttúruvísinda

Árið 2001 var samþykkt sameiginleg áætlun Norrænu ráðherranefndarinnar, NorFA og NOS-N um stuðning við norræn öndvegissetur á sviði hnattrænna breytinga. Fjögur setur fá stuðning í fimm ár (2003–2007). Áætlunin lýtur sérstakri stjórn og er fulltrúi Rannís og formaður hennar Kristján Kristjánsson. Öndvegissetrin eru:

1. Research Unit on Biosphere–Aerosol–Cloud–Climate Interaction (BACCI).
2. Nordic Centre for Studies of Ecosystem Carbon Exchange and its Interaction with Climate System (NECC).
3. The Nordic Centre for Luminescence Research.
4. The Dynamics of Ecological Systems under the Influence of Climate Variation (EcoClim).

Íslenskir vísindamenn taka þátt í einu þessara öndvegissetra, NECC.

NCoE á sviði læknávisinda

Árið 2004 var samþykkt áætlun að tillögu NOS-M um stuðning við norræn öndvegissetur á sviði læknisfræði (e. Molecular Medicine). Þrjú setur hafa verið valin og fá stuðning í fimm ár (2004–2009). Þau þrjú setur sem valin voru eru:

1. Nordic Centre of Excellence for Research in Water Imbalance Related Disorders (WIRED).
2. Nordic Centre of Excellence in Neurodegeneration.
3. Nordic Network of Excellence in Disease Genetics (NoNEDG).

Engin íslensk þátttaka er í þessum öndvegissetrum. Fulltrúi Rannís í stjórn áætlunarinnar er Eiríkur Steingrímsson prófessor.

NCoE á sviði hug- og félagsvísinda

Árið 2004 samþykkti NOS-HS tillögu um að hætta að veita almenna styrki til norræns samstarfs í rannsóknum og taka upp áætlun um norræn öndvegissetur í staðinn. Sérstök stjórn var skipuð fyrir áætlunina og sátu í henni fyrir hönd Rannís Eiríkur Smári Sigurðarson, Rannís og Ívar Jónsson, prófessor, Bifröst. Ákveðið var að veita fjórum setrum styrk til fimm ára.



1. Cognitive Control: Behavioural and Brain Studies of Cognitive Control in Attention, Perception, Language, Memory, and Emotion.
2. Empirical Labor Economics.
3. The Nordic Countries and the Medieval Expansion of Europe. New Interpretations of a Common Past.
4. NORMS – Nordic Centre of Excellence in Microcomparative Syntax.

Íslenskir vísindamenn taka þátt í öndvegissetrinu NORMS.

NOS-HS nefndin ákvað á fundi vorið 2005 að leggja stjórnina af og taka sjálf að sér eftirlitshlutverkið. Sérstakar ráðgjafanefndir hafa verið skipaðar fyrir hvert setur.

NordHorc

Forystumenn norrænna rannsóknarráða og hliðstæðra stofnana hittast reglulega tvisvar á ári til viðræðna og skoðanaskipta um málefni vísinda og nýsköpunar og mótun og framkvæmd norræns samstarfs. Af Íslands hálfu hafa forstöðumaður Rannís, Hans Kristján Guðmundsson, og formaður vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs, Hafliði Pétur Gíslason og síðan Guðrún Nordal tekið þátt í þessu samráði fyrir Íslands hönd. Fundir ársins 2006 voru haldnir í mars í Kaupmannahöfn og í september í Osló.

EVROPSKT SAMSTARF UTAN ESB

Evrópska vísindastofnunin – ESF

Rannís er aðili að Evrópsku vísindastofnuninni sem stuðlar að þróun vísinda með því að koma á tengslum færustu vísindamanna og fjármögnunaraðila til þess að ræða, skipuleggja og hrinda í framkvæmd samevrópskum aðgerðum á sviði vísinda og vísindastefnu. Innan ESF eru starfandi 5 fastanefndir á megin sviðum vísinda. Þær eru:

1. Fastanefnd á sviði læknisfræði (EMRC)
2. Fastanefnd á sviði líf- og umhverfisfræði (LESC)
3. Fastanefnd á sviði eðlis- og verkfræði (PESC)
4. Fastanefnd á sviði hugvísinda (SCH)
5. Fastanefnd á sviði félagsvísinda (SCSS)

Fulltrúar Rannís í fastanefndum ESF árið 2005 voru dr. Jóna Freysdóttir í EMRC, dr. Olgeir Sigmarsson í LESK, dr. Fjóla Jónsdóttir í PESC, Guðrún Nordal prófessor í SCH og Hrafnhildur Ragnarsdóttir prófessor í SCSS. Prófessor Jón Ólafsson fór á haustfund SCH í stað Guðrúnar Nordal og tók við af henni í nefndinni í kjölfarið. Prófessor Hafliði Pétur Gíslason var fulltrúi Rannís í framkvæmdaráði ESF fram á haust, þegar Guðrún Nordal tók við. Haustið 2006 var Olgeir Sigmarsson skipaður í kjarnahóp LESK, sem

hann mun sitja í næstu þrjú árin. Eiríkur Smári Sigurðarson og Kristján Kristjánsson fóru með málefni ESF hjá Rannís 2006.

Forstöðumenn evrópskra rannsóknarráða, EUROHORCS

EUROHORCS, European Heads of Research Councils, er samráðs- og tengslavettvangur forstöðumanna evrópskra rannsóknarráða og sambærilegra systurstofnana í evrópskum rannsóknarráðskerfum. EUROHORCS hefur unnið með Evrópusambandinu og með ESF að málum sem snerta samstarf yfir landamæri og rekur með aðstoð ESF áætlunina EURYI, European Young Investigators Award, öndvegisstyrkir til ungra vísindamanna sem vilja koma undir sig fótum við evrópskar vísindastofnanir. Ísland á ekki aðild að þessari áætlun. Rannís á aðild, með Rannsóknasjóð sem bakhjarl, að samkomulagi EUROHORCS um að styrkur veittur úr heimasjóðum til einstakra vísindamanna geti fylgt þeim við flutning á milli landa. Hans Kristján Guðmundsson á aðild að EUROHORCS.

Evrópusamstarf á sviði tækni- og iðnþróunar – EVREKA

EVREKA er samstarf 37 Evrópulanda og Evrópusambandsins um tækni- og iðnþróun og hefur Rannís um árabil tekið þátt í samstarfinu fyrir hönd iðnaðarráðuneytis. Evrópusambandið á sjálfstæða aðild að áætluninni og tekur þátt í samstarfinu með sama hætti og einstök aðildarlönd. EVREKA er því ekki hluti af starfsemi Evrópusambandsins sjálfs. Á árinu var unnið áfram að undirbúningi verkefnasamstarfsins Eurostars í samstarfi við Evrópusambandið. Um er að ræða samstarf til stuðnings litlum og meðalstórum fyrirtækjum, sem stunda sjálf rannsóknir og þróun. Ætlunin er að þetta samstarf byggi á grein 169 í sáttmála ESB um samstarf ríkja að sameiginlegri fjármögnun verkefna. Tuttugu og sex aðildarlönd EVREKA hafa tekið frá um 50 M€ á ári í sjö ár til Eurostars-verkefna og mun Evrópusambandið einnig styðja við verkefnin. Þátttaka Rannís í Eurostars er með Tækniþróunarsjóð að bakhjarli en stjórn hans ákvað að taka virkan þátt og er reiðubúin til að fjármagna viðeigandi verkefni. Gert er ráð fyrir að fyrstu Eurostars-verkefnin fari af stað á árinu 2008. Snæbjörn Kristjánsson, Rannís, er landsfulltrúi Íslands í EVREKA og Sveinn Þorgrímsson, skrifstofustjóri iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, er fulltrúi Íslands í stjórnarnefnd.

Eitt nýtt Evreka-verkefni með íslenskri þátttöku var tilkynnt vorið 2006. € 3665 Petroscope II með forystu Petromodel ehf., en með samvinnu við fyrirtæki og stofnanir frá Austurríki, Spáni, Ítalíu og Slóveníu. Markmið verkefnisins er að þróa mælitæki og hugbúnað fyrir byggingarefnisiðnað. Verkefnisstjóri er Þorgeir S. Helgason.



Evrópusamstarf á sviði vísinda- og tæknirannsókna – COST

Rannís á aðild að COST í umboði menntamálaráðuneytis. COST byggir á ramma-samningi um samstarf á sviði vísinda- og tæknirannsókna. Innan COST er unnið að samræmingu og samþættingu verkefna á tilteknum sviðum fremur en samvinnu um einstök rannsóknarverkefni. COST-verkefni byggja fyrst og fremst upp samstarfsnet á ákveðnum rannsóknarsviðum. Fulltrúar Íslands í stjórn COST eru Snæbjörn Kristjánsson Rannís og Stefán Baldursson vísindafulltrúi menntamálaráðuneytis í Brussel. Á árinu 2006 gerðust eftirtaldir íslenskir aðilar þátttakendur í COST-verkefnum:

Pórarinn Gíslason yfirlæknir og prófessor, Landspítala háskólasjúkrahúsi, í COST verkefni B26: 'Obstructive Sleep Apnea.'

Snorri Þór Sigurðsson, prófessor, Raunvísindastofnun Háskóla Íslands, í COST-verkefni P15: 'Advanced paramagnetic resonance methods in molecular biophysics.'

TAFTIE

Rannís var á árinu boðin aðild að og samþykkt sem aðili að samstarfsnetinu TAFTIE (**The Association for Technology Implementation in Europe**) sem er samstarf 19 nýsköpunar og rannsóknamiðstöðva í Evrópu. Þátttakendur eru jafnan með á sínum vegum sjóði sem styðja við rannsóknir, þróun og nýsköpun. Markmiðið er að styrkja efnahagslega stöðu Evrópu með því að aðstoða við að koma á áætlunum á þessum sviðum. Fulltrúar Rannís á vettvangi TAFTIE eru Oddur Már Gunnarsson og Þorvaldur Finnbjörnsson.

Samstarf á sviði norðurslóðarannsókna

Rannís er aðili að alþjóðlegum samtökum um vísindarannsóknir á norðurslóðum. Helstu samtökin eru Vísindanefnd norðurslóða, IASC, og Hafvísindaráð norðurslóða, AOSB. Fulltrúar Rannís í þessum samtökum eru Kristján Kristjánsson í fulltrúaráði og framkvæmdastjórn (IASC-Council/Executive Committee), Níels Einarsson, svæðaráði (IASC-Regional Board) og Steingrímur Jónsson, (AOSB), IASC og AOSB halda sameiginlega eina ráðstefnu á ári í samstarfi við önnur samtök, vísindaviku norðurslóða (Arctic Science Summit Week – ASSW). Ráðstefnan var haldin í Potsdam árið 2006. Á ráðstefnunni í Potsdam var Kristján Kristjánsson valinn forseti IASC til fjögurra ára (2006–2009).

Á árinu 2004 hófst ferli, undir forystu IASC og AOSB, sem nefnt er á ensku „International Conference on Arctic Research Planning – ICARP II“. Hámark þessa ferlis var stór ráðstefna sem haldin var í Kaupmannahöfn í nóvember 2005, en megintilgangur með ferlinu er að skilgreina áherslur í rannsóknum á norðurslóðum næstu 10–15 árin.

Á árinu 2006 voru verkefni skilgreind og valin og unnið er að fjármögnun þeirra. Íslenskir vísindamenn hafa tekið virkan þátt í ferlinu. Kristján Kristjánsson situr í stjórn ICARP.

Alþjóða heimskautaárið

Alþjóðaár heimskautasvæðanna hefst í mars 2007. Fyrsta alþjóðaár heimskautasvæðanna var haldið 1882–1883, hálfri öld síðar var aftur haldið slíkt ár, 1932–1933. Bæði þessi ár voru aðallega helguð rannsóknum tengdum norðurskautinu. Alþjóðlegt jarðeðlisfræðiár var haldið 1957–1958 í stað heimskautaárs en vísindasamstarf á báðum heimskautasvæðunum var drjúgur hluti þess. Hálfri öld síðar er komið að þriðja alþjóðaári heimskautarannsókna. Alþjóðavísindaráðið (ICSU) og Alþjóðaveðurfræðistofnunin (WMO) standa saman að undirbúningi og framkvæmd ársins.

Íslensk landsnefnd starfar að undirbúningi heimskautaársins undir forystu utanríkisráðuneytis og með aðild fulltrúa umhverfis- og menntamálaráðuneyta, rannsóknastofnana og Rannís. Kristján Kristjánsson er fulltrúi Rannís í nefndinni.

Tvíhliða samkomulag Rannís og ESRC

Haustið 2005 gerði Rannís, með Rannsóknasjóð sem bakhjarl, tvíhliða samning við Enska rannsóknaráðið í félagsvísindum (ESRC). Samkomulagið felur í sér að vísindamenn frá löndunum tveimur geta sótt samtímis í sjóði beggja landa. Umsóknir sem berast undir þessum hatti verða metnar samkvæmt reglum hvorrar stofnunar um sig en reynt verður að sameinast um mat sérfræðinga á heildarumsókninni. Stjórnir stofnananna – stjórn Rannsóknasjóðs og stjórn ESRC – þurfa að koma sér saman um hvaða verkefni, ef einhver, sé hægt að fjármagna. Umsóknir verða að berast á almennum eyðublöðum Rannsóknasjóðs og verða metnar í samkeppni við aðrar umsóknir í sjóðinn það árið. Engar umsóknir bárust árið 2006.

IGFA

Rannís er aðili að samstarfsvettvangi rannsóknaráða og sambærilegra stofnana sem sinna fjármögnun rannsókna vegna hnattrænna breytinga, IGFA (International Group of Funding Agencies for Global Change Research). Samtökin eru m.a. vettvangur samræðna við forsvarsmenn alþjóðlegra rannsóknááætlana um slíkar rannsóknir. Samtökin héldu árlegan ársfund sinn í Montreal, Kanada í lok október 2006. Þar var Hans Kristján Guðmundsson fulltrúi Rannís í IGFA og situr í stjórn samtakanna eftir að hafa lokið tveggja ára hlutverki sem annar tveggja varaformanna.



EMBO

Ísland er aðili að Sameindalíffræðisamtökum Evrópu (European Molecular Biology Organization), EMBO. Samtökin veita ýmsa styrki til rannsókna í sameindalíffræði og skyldum greinum. Meðal styrkja eru styrkir til vísindamanna sem starfa í Evrópu og Ísrael til skemmri eða lengri dvalar (allt að 2 ár) við erlendar rannsóknastofnanir á sviði sameindalíffræði. Einnig eru sérstakir styrkir til ungra vísindamanna sem eru að hasla sér völl eftir að hafa starfað sem Postdoctoral Fellow og styrkir vegna gestafyrirlesara á ráðstefnum. Fulltrúi Íslands er Eiríkur Steingrímsson, rannsóknaprófessor við lækna-deild H.Í., en Rannís annast kynningu og aðstoð er varðar EMBO.

EMBL

Í lok árs 2004 varð Ísland aðili að Sameindalíffræðistofnun Evrópu, EMBL (European Molecular Biology Laboratory). EMBL býður upp á doktorsnám í sameindalíffræði en þeir nemendur sem teknir eru inn hverju sinni fá framfærslustyrk meðan á námi stendur. Einnig er stórt verkefni á vegum EMBL sem snýr að samstarfi við kennara í framhaldsskólum og grunnskólum til þess að aðstoða við gerð kennsluefnis. Rannís annast kynningu og aðstoð er varðar EMBL.

Jules Verne-áætlunin

Jules Verne-áætlunin er samstarfsverkefni Frakklands og Íslands á sviði vísinda- og tæknirannsókna. Menntamálaráðuneytið stýrir samstarfinu fyrir hönd Íslands en Rannís sér um framkvæmd verkefnisins. Tilgangurinn með samstarfinu er að virkja vísinda- og tæknisamstarf milli stofnana, skóla og rannsóknahópa í báðum löndunum og að auðvelda samstarf við önnur slík samstarfsverkefni í Evrópu. Styrkir eru veittir til ferða- og dvalarkostnaðar fyrir vísindamenn. Önnur fjármögnun nauðsynleg til verkefnisins verður að koma frá stofnunum sjálfum sem taka þátt í samstarfinu eða eftir öðrum leiðum. Fjármögnunin er samþykkt til tveggja ára í senn.

Á sameiginlegum fundi fulltrúa landanna í París þann 10. desember 2005 var úthlutun styrkja til verkefna ákveðin. Á Íslandi bárust 16 umsóknir en aðeins 12 umsóknir í Frakklandi og var ákveðið að styrkja alls 9 samstarfsverkefni. Úthlutað er til tveggja ára, með fyrirvara um ákvörðun Alþingis um áframhaldandi framlag til verkefnisins á árinu 2007.

Kafli 2

Rannís er samstarfsvettvangur til undirbúnings og framkvæmdar opinberrar vísinda- og tæknistefnu

Rannís stóð fyrir viðhorfskönnun á starfsemi stofnunarinnar og stuðningskerfi rannsóknna og þróunar. Markmiðið var að lesa í skoðanir nærumhverfis á þjónustunni sem stofnunin veitir og þær hugmyndir sem stjórnmalámennt, embættismenn, starfsmenn háskóla, hagsmunasamtaka, fyrirtækja og stofnana gera sér um stuðningskerfið.

Tíu alþingismenn voru í lagskiptu úrtaki, 20 embættismenn og forsvarsmenn samtaka atvinnulífsins; 40 frá háskólum, fyrirtækjum og stofnunum; 18 umsækjendur frá Rannsóknasjóði og 12 frá Tækniþróunarsjóði.

Í könnuninni eru notaðar opnar spurningar sem gefa svarendum færi á að útskýra afstöðu sína til einstakra spurninga.

Könnunin var unnin af Lausnum ehf.

Algengt viðhorf til Rannís er að stofnunin sé í senn þjónustumiðstöð og málssvari vísinda- og tæknisamfélagsins. Meginhluti aðspurðra telja stofnunina hafa víðtæku hlutverki að gegna.

Rannís fær góðan vitnisburð um frammistöðu sína og telja tæp sjötíu prósent að stofnunin hafi rækt hlutverk sitt vel/mjög vel.


Helmingur aðspurðra taldi að breytingar hefðu orðið á vinnulagi og starfi Rannís á þeim tíma sem liðinn er frá lagabreytingunni 2003 á stuðningskerfi vísinda og rannsókna. Af þeim sem telja að breytingar hafi orðið segja þrír af hverjum fjórum að breytingarnar hafi verið til hins betra. Sama hlutfall telur að stofnunin hafi staðið sig vel við að efla hag vísinda- og tæknisamfélagsins.

Pegar spurt er um einstaka þætti í starfsemi Rannís, þjónustu sjóða, alþjóðastarf, grein- inga- og kynningarstarf er hlutfall þeirra sem svara mjög vel og vel á bilinu 70 til 80 prósent.

Hvert telur þú að sé hlutverk Rannís, Rannsóknamiðstöðvar Íslands?

Svörun var 97% og skiptust svörin þannig:


Styrkja og efla rannsóknir og vísindastarf	60%
Stefnumörkun/samhæfing	10%
Stuðla að og styrkja nýsköpun og þróun	8%
Umsýsla og umsjón sjóðanna	8%
Yfirsýn og upplýsingar	8%
Þjónustuhlutverk/þjónusta við Vísinda- og tækniráð	6%



Hvernig telur þú að Rannís hafi rækt hlutverk sitt?

Svörin var 100% og skiptust svörin þannig:


Mjög vel	12%
Vel	56%
Pokkalega	21%
Frekar illa	4%
Engin afstaða	7%



Hvernig finnst þér Rannís hafa staðið sig við að efla hag vísinda- og tæknisamfélagsins?

Svörin var 100% og skiptust svörin þannig:


Mjög vel	10%
Vel	63%
Pokkalega	24%
Frekar illa	1%
Mjög illa	2%



Fyrir þremur árum, 2003, voru gerðar skipulagsbreytingar á stuðningskerfi vísinda og tækni með stofnun Vísinda- og tækniráðs. Hvernig finnst þér hafa tekist til með þá breytingu?

Svörin var 100% og skiptust svörin þannig:


Mjög vel	10%
Vel	63%
Pokkalega	24%
Frekar illa	1%
Mjög illa	2%



Finnst þér hafa orðið breytingar á vinnulagi og starfsemi Rannís á síðustu tveimur til þremur árum?


Svörin var 100% og skiptust svörin þannig:

Já	52%
Nei	21%
Veit ekki	27%



Svör þeirra sem sögðu að breytingar hefðu orðið skiptust þannig:


Til hins betra	75%
Blendið	15%
Til hins verra	10%



Hvaða þættir eru mikilvægastir í starfi Rannís að þínu mati?

Svörin var 97% og skiptust svörin þannig:

Styrkja og efla rannsóknir og vísindastarf	39%
Umsýsla um sjóðina/þjónusta við styrktaraðila	21%
Stuðla að og styðja nýsköpun og þróun	17%
Stefnumótun og samhæfing	6%
Kynningarstarf	6%
Auka tengsl/upplýsingamiðlun	4%
Uppbygging og viðhald þekkingar	3%
Afla meira fjár	3%



Samningur við menntamálaráðuneytið

Rannís og menntamálaráðuneytið gerðu með sér samning til að festa í sessi samskiptaferla sín á milli og draga fram áherslur vegna stefnumótunar og áætlanagerða. Í samningnum er kveðið á um gagnkvæmar skyldur beggja aðila vegna verkefna Rannís. Samningurinn gildir til 2010. Í tengslum við samninginn var gerð langtímaáætlun um starfsemi Rannís.

Menntun og rannsóknir, forsenda þekkingar

Þann 14. mars var efnt til opins málþings um mótun vísinda- og tæknistefnu á Hótel Loftleidum. Málþingið bar yfirskriftina Menntun og rannsóknir, forsenda þekkingarsamfélags og sóttu það um 120 manns.

Málþingið var liður í undirbúningi stefnumótunar Vísinda- og tækniráðs árin 2006–2009, en nýtt ráð tók til starfa þá um vorið.

Málþingið hófst á ávarpi Halldórs Ásgrímssonar, forsætisráðherra og formanns Vísinda- og tækniráðs, og síðan greindi ritari ráðsins, Eiríkur Baldursson, frá helstu atriðum í drögum að stefnunni 2006–2009 með yfirskriftinni Samræmd sókn. Vísinda- og tækniráð leggur höfuðáherslu á eftirfarandi atriði:

- að byggja upp mennta- og vísindakerfi sem er í fremstu röð meðal þjóða sem starfi í nán- um tengslum við atvinnulíf og geti brugðist við hraðfara breytingum;
- að efla opinbera samkeppnissjóði og sameina þá innan skyldra sviða;
- að fyrirtæki og ríkið taki saman höndum um sókn í rannsóknum og þróunarstarfi til að ná betri árangri í arðbærri nýsköpun og alþjóðlegri samkeppnishæfni á grundvelli þekkingar;
- að endurskilgreina hlutverk ríkisins í stuðningi við vöktun og rannsóknir í þágu almannaheilla, umhverfisverndar og efnahagsframfara með aukinn árangur að leiðarljósi.



Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra, Hafliði P. Gíslason, formaður vísindanefndar, Halldór Árnason, skrifstofustjóri forsætisráðuneytis, og Hallgrímur Jónasson, formaður tækninefndar, fara yfir málin í byrjun fundar.

Haldin voru fjögur framsöguerindi sem tóku mið af stefnudrögum og voru framsögumenn Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, Gunnar Páll Pálsson, formaður Verslunarmannafélags Reykjavíkur, og Þorkell Sigurlaugsson, framkvæmdastjóri nýsköpunar og þróunar Háskólans í Reykjavík.

Á eftir framsöguerindum skiptu málþingsgestir sér í fjórar málstofur sem höfðu sömu yfirskrift og framsöguerindin. Hverri málstofu stýrði umræðustjóri, ritari tók saman helstu atriðin og tveir valdir áheyrnarfulltrúar tóku þar einnig þátt.



Alþingismennirnir Jónína Bjartmarz og Ásta Möller mættu á málþingið til að ræða opinbera stefnumótun í vísindum- og tækni. Guðrún Nordal og Ingileif Jónsdóttir eru sessunautar þingmannanna.

Umræðum að loknum málstofum stýrði Ævar Kjartansson útvarpsmaður og hófust þær þegar ritarar málstofanna höfðu flutt samantekt úr hverri þeirra. Áheyrnarfulltrúar málstofanna tóku þátt í pallborðsumræðum ásamt öðrum gestum málþingsins. Í pallborði sátu Áslaug Helgadóttir, aðstoðarrektor Landbúnaðarháskóla Íslands, Hilmar V. Pétursson, framkvæmdastjóri CCP hf., og Viðar Hreinsson, framkvæmdastjóri Reykjavíkúakademíunnar.

Í umræðunum kom fram almennur stuðningur við drögin að stefnumótun Vísinda- og tækniráðs 2006–2009 auk góðra ábendinga. Þar má nefna að gefa þurfi listgreinum og öðrum skapandi greinum meiri gaum þar sem blanda raungreina og slíkra greina skapi oft á tíðum ný tækifæri og var fyrirtækið CCP hf. sem framleiðir tölvuleikinn Eve Online tekið sem gott dæmi. Einnig að skoða þurfi með hvaða hætti er hægt að laða erlenda doktorsnema og vísindamenn til landsins, að menntun og mannauður þurfi að vera í forgrunni, að leggja þurfi sérstaka áherslu á nýsköpun og frumkvöðlakennslu í leik- og grunnskólum með því að setja slík ákvæði í aðalnámskrá og fagnað var meiri áherslu á hug- og félagsvísindi. Þá var rætt um að huga þurfi sérstaklega að því að búa fyrirtækjum betri aðstöðu til að stunda rannsóknir og þróun, meðal annars með því að nota skattalega hvata.

Útrásin og nýsköpun

„Hver er nýsköpunin í útrásinni?“ var yfirskrift Nýsköpunarþings Rannís og Útflutningsráðs sem haldið var fimmtudaginn 9. mars nk. kl. 8.00–10.00 á Grand Hótel í Reykjavík. Á þinginu voru veitt Nýsköpunarverðlaun ársins 2006, sjá nánar á bls. 30.

Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra ávarpaði þingið og Svafa Grönfeldt, aðstoðarforstjóri Actavis, flutti erindið Nýsköpun í stjórnun og stjórnun á nýsköpun. Johan Hauknes, deildarstjóri nýsköpunarrannsókna hjá NIFU STEP-rannsóknastofnuninni í Noregi, ræddi nýsköpun í litlum opnum hagkerfum á tímum hnattvæðingar.

Vísindasamstarf við Bandaríkin

Rannís bauð í október fulltrúum frá National Science Foundation (NSF) í heimsókn til Íslands til að ræða vísindasamstarf Bandaríkjanna og Íslands. Fulltrúar NSF, Margaret Leinen, forstjóri jarðvísindasviðs NSF, og Elisabeth Williams, funduðu með íslenskum vísindamönnum og kynntu sér sérstaklega starfsemi Jarðvísindastofnunar Háskóla Íslands og íslenska djúpborunarverkefnið sem unnið er undir forystu ISOR og NSF styrkir að hluta.

Samstarf bandarískra og íslenskra vísindamanna í jarðvísindum, líftæknirannsóknnum og norðurslóðarannsóknnum stendur á gömlum merg. Þá hefur verið vaxandi samstarf á sviði veðurfarsrannsókna og hug- og félagsvísinda.

Til skamms tíma útskrifaðist helftin af íslenskum doktorum frá bandarískum háskólum. Þegar doktorarnir komu heim bjuggu þeir að tengslaneti sem oft var grundvöllur að rannsóknasamstarfi. Könnun meðal stofnana sem Rannís vann í sumar og þátttaka íslenskra vísindamanna í verkefnum alþjóða heimskautaársins sýnir mikla grósku í samstarfinu.



Margaret Leinen og Elisabeth Williams frá NSF áttu fundi með íslenskum vísindamönnum til að ræða aukið vísindasamstarf á milli Bandaríkjanna og Íslands.



Viljayfirlýsing (MoU) um vísindasamstarf Bandaríkjanna og Íslands var undirrituð árið 2000 og markmið heimsóknarinnar var að fara yfir árangurinn hingað til og ræða leiðir til að auka samvinnuna.

Meðal þess sem var rætt á fundum með fulltrúum NSF var sameiginleg aðkoma að sumarskólum og vinnufundum.

Samstarfið við NSF er einungis hluti víðtækrar vísindasamvinnu milli Íslands og Bandaríkjanna.

Næsti kafli vísinda og nýsköpunar

Rannís boðaði til Rannsóknarþings 2006 hinn 31. maí með hefðbundnum hætti í samstarfi við ráðuneyti menntamála og iðnaðar á Grand Hótel Reykjavík undir yfirskriftinni Næsti kafli vísinda og nýsköpunar á Íslandi. Á þinginu afhenti forsætisráðherra hvatningarverðlaun Vísinda- og tækniráðs, sjá bls. 39.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra setti þingið, Andri Snær Magnason rithöfundur flutti erindið Að finna upp hjólið – hugsað inn í óvissuna og Ragnhildur Geirsdóttir forstjóri Promens nefndi erindi sitt Að duga eða drepast – nýsköpun í fyrirtækjum.

Kynning á NordForsk

Efnt var til kynningar á styrkjaáætlunum NordForsk 26. september á Grand Hótel. NordForsk er sjálfstæð stofnun með það hlutverk að efla norræna samvinnu í rannsóknum og rannsóknarnámi. Auk starfsmanna Rannís kynntu Hafliði Pétur Gíslason prófessor, Sjöfn Sigurgísladóttir, forstjóri Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, og Tryggvi Þór Herbertsson prófessor starfsemi NordForsk.

Vísindamaðurinn í samfélaginu

Viðfangsefni haustþings Rannís var ábyrgð, skyldur og hagsmunir vísindamannsins í samfélaginu. Tíu erindi voru flutt á þinginu sem skiptist í þrjá hluta; tengsl vísindamanns og fjármagns; ábyrgð, samviska og heilindi vísindamannsins og vísindamaðurinn og þjóðfélagsumræðan. Í undirbúningsnefnd þingsins sátu Vilhjálmur Árnason prófessor og Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur auk starfsmanna Rannís. Elín Hirst fréttamaður var þingstjóri og stjórnaði umræðum.

Í setningarávarpi sagði Hans Kristján Guðmundsson, forstöðumaður Rannís, að með haustþinginu væri gerð tilraun til að færa umræðuna upp á eins hlutlægan stall og mögulegt er hvað varðar vísindamenn og vísindalegar niðurstöður, annars vegar til að styrkja vísindamenn í því að sjá hlutverk sitt í samfélaginu sem sérfræðingar, vísindamenn og fólk með eigin skoðanir, hins vegar til að opna huga annarra fyrir mismunandi hliðum þessa hlutverks.



Áslaug Helgadóttir, Þórarinn Guðjónsson, sérfræðingur við læknaeild Háskóla Íslands, og Þóra Ellen Þórhallsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands, voru meðal frummælenda og tóku þátt í pallborðsumræðum á haustþinginu.

Vísindamaðurinn í samfélaginu

- ábyrgð, skyldur og hagsmunir

Haustþing Rannís 9. nóvember kl. 13:00–17:30

Hótel Loftleiðir

Dagskrá

13:00 Setning **Hans Kristján Guðmundsson** forstöðumaður Rannís

13:15 **Tengsl vísindamanns og fjármagns**

Hamlar fjármögnun rannsókna frelsi vísindamannsins?

Magnús Karl Magnússon
sérfræðingur í blóðmeinafræði við blóðmeinafræðideild og erfða- og sameinda-læknafræðideild LSH

Hver eru áhrif verkkaupa á álitserðir vísindamanna?

Þorlákur Karlsson

forseti viðskiptadeildar Háskólans í Reykjavík

Er sjálfstæði vísindamanna stefnt í hettu með kostun fyrirtækja á aka-demískum störfum og rannsóknum?

Magnús Döðrik Baldursson

skrifstofjafi rektorskrifstofu og gæðastjóri Háskóla Íslands

14:10 Kaffihlé

14:25 **Ábyrgð, samviska og heilindi vísindamannsins**

Er vísindamaðurinn ábyrgur fyrir því hvernig niðurstöður hans eru notaðar?

Þóra Ellen Þórhallsdóttir

prófessor við raunvísindadeild Háskóla Íslands

Getur öflun þekkingar verið neikvæð?

Þórarinn Guðjónsson

sérfræðingur við læknaeild Háskóla Íslands og blóðmeinafræðingur við LSH

Hvænir má vísindamaðurinn þegja og hvænir ekki?

Áslaug Helgadóttir

aðstoðarveitingar rannsóknarmála Landbúnaðarháskóla Íslands

15:30 Kaffihlé

15:45 **Vísindamaðurinn og þjóðfélagsumræðan**

Hvernig geta vísindamenn tekið þátt í pólitískri umræðu?

Vilhjálmur Árnason

prófessor við hugvísindadeild Háskóla Íslands

Eiga vísindamenn að hafa áhrif á samfélagsumræðuna?

Jón Ólafsson

prófessor og deildarforseti Háskólans á Bifröst

Skulda vísindamenn samfélaginu skýringu á vinnu sinni?

Þorsteinn Vilhjálmsson

prófessor við raunvísindadeild Háskóla Íslands

Hvers virði er þekking ef hún nær ekki út fyrir hóp sérfræðinga?

Páll Valdimarsson

prófessor við verkfræðideild Háskóla Íslands

17:00 Léttar veitingar

Elín Hirst fréttamaður er þingstjóri og stýrir umræðum.



Hvenær má vísindamaðurinn þegja og hvenær ekki? spurði Áslaug Helgadóttir, aðstoðarrektor rannsóknamála Landbúnaðarháskóla Íslands, á haustþingi Rannís.

Hann minnti enn fremur á að vísindamaðurinn er ekki síður hluti af vísindasamfélaginu sjálfu og hefur ákveðnar skyldur við það samfélag þar sem siðferðilegar spurningar koma iðulega upp. Umræðan væri sérstaklega mikilvæg fyrir unga og verðandi vísindamenn sem séu að feta sín fyrstu spor.

„Vísindi eru undirstaða þekkingarþjófðfélagsins og gagnkvæmur skilningur og traust þarf að ríkja á milli þeirra sem vinna vísindin og þeirra sem njóta afrakstursins. Þinginu er ætlað að varpa ljósi á þetta samspil. Ég vona að þingið

verði til þess að auka þennan skilning og að þið farið héðan með uppbyggjandi veginesti fyrir samræðuna um vísindin í þjófðfélaginu,“ sagði Hans Kristján.

Sjá erindi og umræður þingsins á slóðinni <http://www.rannis.is/rannis/haustthing-rannis-2006/>



Sigurgeir Þorgeirsson, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands, og Kjartan Gunnarson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, voru meðal gesta á haustþingi Rannís.



Hjónin Sigmar Guðbjörnsson og Jóhanna Ástvaldsdóttir í Stjörnu-Odda veita viðtöku nýsköpunarverðlaunum Rannís og Útflutningsráðs úr hendi Valgerðar Sverrisdóttur iðnaðarráðherra.

Stjörnu-Oddi hlýtur nýsköpunarverðlaunin

Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra veitti fyrir hönd Rannís og Útflutningsráðs fyrirtækinu Stjörnu-Odda nýsköpunarverðlaun ársins 2006. Verðlaunin voru afhent á Nýsköpunarþingi þann 9. mars á Grand hótél.

Stjörnu-Oddi var stofnað árið 1985, þá sem ráðgjafafélag þar sem stofnendur tóku að sér einstaka ráðgjafarverkefni á erlendum vettvangi. Þegar Sigmar Guðbjörnsson og eiginkona hans Jóhanna Ástvaldsdóttir fluttu til landsins árið 1992 eftir 15 ára búsetu erlendis, hófst núverandi starfsemi félagsins, það er þróun og framleiðsla á mælitækjum sem eru það lítil og handhæg að hægt er að setja þau á fiska. Útflutningur og erlent samstarf hófst tiltölulega snemma hjá félaginu.

Árið 1999 urðu straumhvörf í sögu félagsins. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins kom að félaginu ásamt 11 útgerðarfélögum auk annarra fjárfesta. Hafist var handa við þróun á neðansjávarmerkingarbúnaði og nýrri kynslóð af merkjum sem byggðu á reynslu fyrri ára.

Starfsmenn eru í dag 12 og ráðgert er að fjölga þeim upp í 15 á árinu. Vörur félagsins hafa verið fluttar til 45 landa og traust viðskiptasambönd hafa myndast þar sem kaupendur halda tryggð við Stjörnu-Odda. Félagið hefur notið stuðnings Rannís við rannsóknir og þróun og Útflutningsráðs við markaðs-
verkefni.

Yrking

Að yrkja er að virkja
finna flauminn
fanga strauminn
svo snældur snúist
– en ekki um sjálfar sig –
kvarnir mali
alstaðar nema í makindum.

Rannsaka hugskot
í launkofum
og bera út í ljósið
svo gullkorn hrynji
í gljúpan svörð.

Berast ekki á
en bera á.
Þetta er blandan:
Heilafylli hugvits
sálarfylli siðvits
fáeinir askar bókvits.

Lofnetin skyldu beinast
í allar áttir
standa á stillkum
stillt á tíðindi
sem detta í hug
hugur dettur um
dettur í.

Andsælis réttisælis rangsælis
burt frá einsleitni hér og hvarvega
eins rangsleitni þekkra farvega.

Á rás úr rásum
á förum upp úr förum
rása upp og út.

Allt er
annað hvort
öpun
eða ný sköpun.

Þórarinn Eldjárn,
flutt á Nýsköpunarþingi 9. mars.



Kafli 3

Rannís gerir áhrif rannsókna á þjóðarhag og hagvöxt sýnileg

Rannís leggur áherslu á kerfisbundnar rannsóknir og greiningu á þekkingarsamfélaginu, innviðum þess, þróun og áhrifum í félagslegum og hagrænum skilningi, þar með töldum nýsköpunarferlum, meðal annars með sviðs- og svæðisbundnum athugunum til þess að mæta þörfum Vísinda- og tækniráðs fyrir mat á stöðu og tækifærum til aðgerða og stefnumótunar. Rannís aflar í þessu skyni upplýsinga um og ber saman stöðu vísinda, tækni og nýsköpunar í landinu og á alþjóðavettvangi hverju sinni.

Rannís gengst fyrir kynningu á vísinda- og nýsköpunarstarfsemi, árangri og niðurstöðum og miðlar niðurstöðum rannsókna til atvinnulífs og annara hagsmunaaðila. Stofnunin annast kynningu á starfsemi Vísinda- og tækniráðs og starfsnefnda þess í samráði við ráðuneytið og nefndirnar. Samstarf verður haft við aðra aðila eftir því sem við á.

Rannís kynnir sérstaklega vísindastarfsemi, rannsóknir og nýsköpun fyrir almenningi. Kynningin hefur tvíþætt markmið. Annars vegar að upplýsa almenning um fjölbreytta starfsemi vísinda- og tæknisamfélagsins og gildi starfsins fyrir þjóðarhag og hins vegar að hvetja ungt fólk til að leggja stund á nám sem leiðir til starfa þar sem rannsóknir og nýsköpun eru ríkur þáttur.

Rannsóknavogin

Rannsóknavogin er samheiti yfir verkefni um öflun gagna, túlkun, framsetningu, birtingu og dreifingu upplýsinga um rannsóknir á Íslandi. Gagna er aflað annað hvert ár og var síðast gert fyrir 2005. Gagnaöflun lauk að mestu á árinu en úrvinnsla hefur gefið til kynna að aukning er á starfsemi við rannsóknir og þróun á Íslandi. Í hagtölukafla eru birtar upplýsingar úr voginni.

Doktorsmenntun

Rannís heldur skrá yfir Íslendinga með doktorsgráðu bæði á Íslandi og erlendis í samvinnu við Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn og Kvennasögusafn Íslands. Upplýsingarná yfir alla doktora sem útskrifast hafa hér á landi (allir frá Háskóla Íslands) og drjúgan hluta Íslendinga sem lokið hafa doktorsprófi í erlendum háskólum.

Í skránni er nú að finna ríflega 1600 doktora 70 ára og yngri og luku 56 doktorsprófi á árinu 2006.

Birtingar og tilvitnanir í ritsmíðar Íslendinga

Birtingar segja til um afköst vísindamanna á sviði rannsókna og þróunar en tilvitnanir gera grein fyrir þeim áhrifum sem greinarnar hafa á vísindasamfélagið. Rannís aflar gagna um birtingar og tilvitnanir í fræðigreinar Íslendinga og gefur út upplýsingar þar um, m.a. samanburð á ritvirkni íslenskra vísindamanna og erlendra starfsbræðra þeirra.

Einkaleyfi

Einkaleyfi gefa vísbendingar um nýsköpunarstarf á líkan hátt og birtingar um virkni og áhrif vísindastarfs. Rannís fylgist með og safnar upplýsingum um einkaleyfisumsóknir íslenskra aðila hér heima og erlendis. Fjöldi einkaleyfa eða einkaleyfisumsókna er viðurkenndur mælikvarði á nýsköpun.

Fjárlagagreining

Rannís hefur unnið skipulega að því að fá fram rannsókna- og þróunarþátt úr frumvarpi til fjárlaga, fjárlögum og úr ríkisreikningi. Verkefnið hófst árið 1998 í samstarfi Rannís, fjármálaráðuneytis og menntamálaráðuneytis. Árlega gerir Rannís rannsókn á fjárlagafrumvarpi m.t.t. fjárveitinga í rannsóknir og þróun og birtir samanburð við fyrri ár sem og samanburð á frumvarpi, fjárlögum og ríkisreikningi.

Framsýni

Framsýni er aðferð til að sjá vísbendingar um tiltekna samfélagsþróun. Rannís er aðili að framsýniverkefninu Nordic Foresight Forum. Verkefnið er tvíþætt og er það styrkt af Norrænu nýköpunarmiðstöðinni (NICE). Verkefninu lýkur á árinu 2007 með ráðstefnu í Finnlandi.

Domus og Interact

Á árinu 2006 kom út skýrslan National Innovation Systems and Domestic Multinational Corporations (Nýsköpunarkerfið á Íslandi og fjölþjóðleg fyrirtæki) hjá Nordic Innovation Centre. Skýrslan er afrakstur samnorrænnar rannsóknar á norrænum útrásarfyrirtækjum sem Rannís tók þátt í. Í rannsókninni er hlutverk útrásarfyrirtækja í nýsköpun heimavið skoðað. Rannís gaf einnig út ritið Útrásin og nýsköpun: Hlutverk útrásarfyrirtækja í þekkingarsköpun á Íslandi þar sem finna mátti helstu niðurstöður rannsóknarinnar á íslensku. Verkefnið Interact er um nýsköpun og þekkingaröflun innan heilbrigðisstofnana á Norðurlöndunum. Rannís stóð að tilviksathugun á innleiðingu rafrænna lyfjafyrirmæla á einni deild Landsspítala – háskólasjúkrahúss.



CIS

Rannís sá um undirbúning og framkvæmd á nýsköpunarkönnuninni CIS (Community Innovation Survey) í samvinnu við hagstofu Evrópu, Eurostat.

OECD Nesti og TIP og samstarf við Eurostat

Innan OECD eru starfandi tvær nefndir sem Rannís hefur átt aðild að um árábil. Þetta eru NESTI (National Experts on Science and Technology Indicators) og TIP (Technology Innovation Policy). Um er að ræða samstarfshópa sérfræðinga í ríkjum OECD um málefni rannsókna, þróunar og nýsköpunar. NESTI hefur það hlutverk að taka saman og þróa aðferðir við mælingar á rannsóknum og þróun á meðan TIP metur áhrif af einstökum aðgerðum á sviði nýsköpunar. Nýlega hófu OECD og Eurostat samstarf um gagnaöflun á sviði rannsókna, þróunar og nýsköpunar. Eurostat safnar upplýsingum um þessi mál hjá aðildarríkjum EES en OECD hjá sínum aðildarríkjum. Þorvaldur Finnbjörnsson er fulltrúi Rannís í þessu starfi.

Trend Chart on Innovation

Rannís á aðild að samstarfshópi sérfræðinga um málefni nýsköpunar, Trend Chart on Innovation. Safnað er upplýsingum um nýsköpunarstarf aðildarríkja EEA og nokkurra lykiloríkja. Niðurstöður eru gefnar út árlega fyrir hvert ríki, auk samanburðarskýrsla.

NIND, Innocate, Ignored og Servinno

Rannís á aðild að 4 nýjum verkefnum sem styrkt eru af Norrænu nýsköpunarmiðstöðinni, NICE. Þetta eru NIND, Innocate, Ignored og Servinno. NIND og Innocate hafa að markmiði að þróa vísbendingar um rannsóknir, þróun og nýsköpun en Ignored hefur á sínu sviði hagmælingar á nýsköpun. Til grundvallar er jafnan tölfraedi rannsókna og þróunar (Rannsóknarvog) og nýsköpunar (CIS eða Community Innovation Survey). Í Servinno verður greint nýsköpunarstarf í þjónustufyrirtækjum á Norðurlöndunum. Gert er ráð fyrir að verkefnum ljúki á næstu tveim árum.

INNO-Net BSR

Á árinu varð Rannís aðili að INNO-Net á sviði klasasamstarfs fyrirtækja, stofnana, háskóla og stjórnvalda ásamt tíu öðrum ríkjum og er verkefnið fjármagnað af Evrópusambandinu. Um er að ræða eitt af fjórum INNO-netum sem framkvæmdastjórn ESB setti á stofn og leggur hún fram um 2,4 M€ til þriggja ára. Auk Rannís eiga Iðntæknistofnun og iðnaðarráðuneytið aðild að netinu.

Rannsóknir og þróun 2006

Í annað sinn var gefið út heftið „Rannsóknir og þróun – tölfræði 2006“. Útgáfan veitir yfirlit yfir helstu tölur um viðgang og umfang rannsókna og þróunar hér á landi í vasabókarbroti.



Vísindamaður að láni

Í rannsóknastofnunum og háskólum er fjöldi sérfræðinga með þekkingu og efni sem á erindi við almenning, ekki síst ungt fólk sem stendur frammi fyrir vali á framhaldsmenntun og starfi. Sérfræðingarnir margir hverjir luma einnig á áhugaverðum hlutum sem gagnast vel í grunnskólum til að varpa ljósi á fyrirbrigði sem annars er aðeins fjallað um í kennslubókum.

Markmiðið með verkefninu Vísindamaður að láni er að auka áhuga grunnskólanema á raungreinum og að bjóða kennurum að fá starfandi vísindamenn í heimsókn í skólaföngum.

Rannís hafði forgöngu um að níu rannsóknastofnanir gerðu skólum tilboð um að sérfræðingur heimsækti skólana og fjallaði um afmarkað viðfangsefni. Meðal viðfangsefna má nefna smádyr í ám, jarðskjálfta á Íslandi, starf veðurfræðinga, örverur og hreinlæti, næringarþörf plantna, eldgos og breytingar á jöklum.




Eftirtaldir stofnanir tóku þátt í verkefninu árið 2006: Hafrannsóknastofnunin, Iðntæknistofnun, Náttúrufræðistofnun, Orkustofnun, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Landbúnaðarháskóli Íslands, Veðurstofa Íslands, Veiðimálastofnun og Vinnueftirlitið.

Alls heimsótti 21 sérfræðingur, 9 konur og 12 karlar, 17 skóla í 53 skipti. Líklega hafa um 1500 grunnskólanemendur hlustað á sérfræðingana.

Rannísblaðið

RANNÍSblaðið var gefið út tvisvar á árinu, 30. mars og 25. október. Efni blaðsins er helgað vísinda- og tæknisamfélaginu, því er dreift í almennri dreifingu og er blaðið í dagblaðabroti. Í máli og myndum var



meðal annars fjallað um nýmæli í rannsóknum, pólitískar áherslur í vísindasamfélaginu, samburð á árangri Íslands og annarra landa í rannsóknum og nýsköpun.

Hvatningarverðlaun Vísinda- og tækniráðs

Hvatningarverðlaun Vísinda- og tækniráðs voru afhent á Rannsóknþingi sem haldið var 18. maí á Grand Hótel. Dómnefndina skipuðu að venju fulltrúar fyrri handhafa verðlaunanna, að þessu sinni þau Jakob K. Kristjánsson, forstjóri Prokaria, Svanhildur Óskarsdóttir bókmenntafræðingur, Steinunn Thorlacius, sérfræðingur hjá Íslenski erfðagreiningu, Freysteinn Sigmundsson, jarðeðlisfræðingur við Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands, og Hilmar Janusson, þróunarstjóri Össurar hf.

Dr. Agnar Helgason mannfræðingur hlaut hvatningarverðlaunin, sjá bls. 39.

Verðlaun fyrir vísindamiðlun

Ari Ólafsson dósent í eðlisfræði við Háskóla Íslands hlaut vísindamiðlunarverðlaun Rannís sem voru veitt í fyrsta sinn á Vísindavökunni 22. september.

Í rökstuðningi dómnefndar segir að Ari hafi „verið óþreytandi árum saman að leita leiða til að miðla vísindalegri þekkingu og aðferðum til almennings, ekki síst barna og unglinga. Eldmóður og hugkvæmni í verkefnum og aðferðum haldast í hendur við einstakt lag á að vekja undrun og forvitni sem er ein mikilvægasta leið sem hugsast getur til að ná árangri. Frumleg og árangursrík verkefni eru mörg, en nefna mætti „Bráðger börn – verkefni við hæfi“, „Leik að ljósi“ og „Pendúl Foucaults“. Nú vinnur hann að því þarfa verkefni að koma á fót Tilraunahúsi, skemmti- og fræðasetri á sviði vísinda og tækni.



Dómnefndina skipuðu Hjördís Hendriksdóttir, sviðsstjóri hjá Rannís, Edda Lilja Sveinsdóttir, sérfræðingur á skrifstofu vísindamála í menntamálaráðuneytinu, og Viðar Hreinsson, bókmenntafræðingur og framkvæmdastjóri ReykjavíkurAkademíunnar.

Í þakkarávarpi gerði Ari vísindi og vísindamiðlun að umtalsefni. „Það sem við berum á borð og köllum vísindamiðlun eru oftast en ekki fyrirbæri sem voru nýjungar í vísindum fyrir áratugum eða öldum í sumum tilvikum. Það rýrir ekki vísindamiðlunina ef fyrirbærið er nýtt og forvitnilegt fyrir móttakandann. Við viljum sýna þær gersemar úr heimi vísindanna sem móttakandinn skynjar fegurðina í. Skilningur er margra hæða bygging með mörgum stökum turnum. Við getum kynnt vísindi fyrir börnum með einföldum hugtökum og mjakað þeim upp nokkrar tröppur skilningsstigans. Fullorðnir sem fengið hafa meiri þjálfun í meðferð hugtaka geta tekið stigann í stærri skrefum. En skilningurinn er ekki aðalatriðið í fyrstu umferð. Ef móttakandinn nær að skynja fegurðina í fyrirbærinu sem sýnt er, leitar hann skilnings síðar.“

Vísindakaffi

Boðið var í vísindakaffi á hverju kvöldi í viku vísindavökunnar. Þetta var í annað sinn sem Rannís býður í slíkt kaffiboð, haldið á einu af kaffihúsum borgarinnar þar sem boðið er upp á samræður við vísindamenn um valin umræðuefni.

Fyrsta kvöldið sátu mannfræðingarnir Gísli Pálsson og Níels Einarsson á kaffistofu Listasafns Reykjavíkur og ræddu um nágretta okkar í heimskautslöndunum.

Kvöldið eftir fylltist kaffihúsið þegar rætt var um hvers KYNs vísindi. Þær Sigríður Þorgeirsdóttir heimspækingur og Þorgerður Einarsdóttir kynjafræðingur nálgudust viðfangsefnið hvor á sínum forsendum og svöruðu spurningum úr öllum áttum.

Þriðja Vísindakaffið fjallaði um erfðabreytt matvæli undir fyrirsögninni

„Má bjóða þér sjálflýsandi svín?“ Þorvarður Árnason umhverfis- og siðfræðingur og Einar Mäntylä plöntusameindaerfðafræðingur voru spækingarnir það kvöldið.

Spurningunum ætlaði aldrei að linna og að lokum varð kaffistjórinn, Davíð Þór Jónsson, að taka til sinna ráða og binda enda á kaffikvöldið, sem komið var vel fram yfir áætlaðan tíma..

Lestina ráku svo umhverfisvísindin. Til að ræða hnattrænar breytingar komu þeir Ólafur Ingólfsson jarðfræðingur og Tómas Jóhannesson jarðeðlisfræðingur og almenningur lét sig ekki vanta fremur en endranær.



Ólafur Ingólfsson jarðfræðingur og Tómas Jóhannesson jarðeðlisfræðingur ræddu hnattrænar breytingar á einu Vísindakaffinu. Með þeim á mynd er Davíð Þór Jónsson kaffistjóri.



Vísindavaka

Rannís stóð fyrir Vísindavöku föstudagseftirmiðdag í lok september sl. í annað sinn. Vísindavaka er haldin þriðja föstudag í september um alla Evrópu enda er dagurinn tileinkaður evrópsku vísindafólki. Vísindavaka var að þessu sinni haldin í 21 Evrópulandi í um 100 borgum og bæjum.

Á Vísindavöku gefst almenningi tækifæri til að fara á stefnumót við vísindin, að gægjast inn í heim vísindafólks, skoða tækin og tólin sem það notar á rannsóknastofunum og fá skýringar á því hvernig rannsóknir fara fram.

Undirbúningur Vísindavökkunnar í Reykjavík hófst um mitt sumar þar sem



kannaðar voru undirtektir stofnana, fyrirtækja og háskóla og ekki stóð á viðbrögðum. Þegar upp var staðið höfðu um 50 verkefni verið skráð.

Þjóðfræðileg úttekt á dægurlagatextum var gerð á staðnum þar sem Heiða í Unun söng og spilaði á gítar og síðan var rýnt í textana. Gestir fengu að sjá samvinnu Línuhönnunar og Lýsis við nýtingu frárennslis frá fiskvinnslu. Þarna var sýnd gervigreind HR í ýmsum útfærslum eins og til dæmis í líki gervigreinds útvarpsmanns. Geitungabúið hjá Náttúrufræðistofnun Íslands vakti athygli bæði ungra og aldinna og sómuleiðis mismundandi bleikjustofnar Þingvallavatns. Það var röð hjá vísindamönnum Háskóla Íslands sem útskýrðu hvernig þeir færðu Konungsbók Eddukvæða á rafrænt form og galdrafóturinn frá Össuri sprangaði um sýningarsvæðið á eiganda sínum. Börnin stóðu í röðum og biðu þolinmóð eftir að komast að í Stjörnuverinu en þar mátti læra

um himinhvolfið inni í sérhönnuðu tjaldi. Boðið var upp á ískalda mjólk og pítsusnúða, meðan eldri kynslóðin gæddi sér á vísindakaffi úr sérmerktum drykkjarkönnum sem kaffiþyrstir voru hvattir til að taka með sér heim, til minningar um skemmtilega kvöldstund.



Dr. Agnar Helgason hlýtur hvatningar- verðlaun Vísinda- og tækniráðs

**– rökstuðningur dómnefndar, flutt af forsætisráðherra
á Rannsóknþingi 31. maí**

Mér er það sönn ánægja að tilkynna niðurstöðu dómnefndar um val á handhafa hvatningarverðlauna Vísinda- og tækniráðs 2006. Í þetta sinn hlýtur verðlaunin dr. Agnar Helgason mannfraeðingur. Megin starfsvettvangur Agnars er hjá Íslenskri erfðagreiningu, en hann er jafnframt aðjúnkt við mannfraeðiskor félagsvísindadeildar Háskóla Íslands, þar sem hann kennir og leiðbeinir háskólastúdentum í framhaldsnámi.

Agnar er fæddur 1968 og ólst að mestu upp í Bretlandi, en lauk B.A.-prófi í mannfraeði frá Háskóla Íslands. Að B.A.-prófinu loknu hóf hann framhaldsnám í félagslegri mannfraeði við Háskóla Íslands og varð fyrsti meistaraneminn við félagsvísindadeild. Meistaraverkefni hans fjallaði um kvótakerfið. Ennfremur rannsakaði hann í samstarfi við Gísla Pálsson, prófessor í mannfraeði, skipstjóra á Íslandi og hvort tengsl væru milli menntunar og aflasældar skipstjóra. Niðurstöður hans á báðum þessum sviðum birtust í viðurkenndum alþjóðlegum fræðiritum í félagslegri mannfraeði.



Agnar breytti síðan um stefnu og hóf nám í líffræðilegri mannfraeði við Cambridge – háskólann í Bretlandi, þar sem hann lauk annarri meistaragráðu. Að því loknu hóf hann doktorsnám við háskólann í Oxford árið 1997. Doktorsverkefni Agnars fjallaði um uppruna Íslendinga, þar sem erfðaefni hvatbera og Y-litninga var notað til að varpa

ljósi á ólíkan uppruna kvenna og karla í landnámsþópnum. Það skipti sköpum fyrir umfang og árangur þessa verkefnis að Íslensk erfðagreining bauð Agnari aðstöðu og samvinnu um rannsóknir á þessu sviði.

Með þessum rannsóknnum sínum, sem birst hafa í fjölmörgum virtustu fræðitímaritum á sviði mannfæðafraeði, sýndi Agnar m.a. fram á að um 80% af landnámskörlum voru upprunnir frá Norðurlöndum, en um 62% af landnámskonum voru upprunnar frá Bretlandseyjum. Þetta bendir eindregið til þess að blandaðar fjölskyldur, þar sem feður voru norrænir en mæður breskar, og afkomendur slíkra fjölskyldna, voru ríkjandi í þópnum sem nam land á Íslandi fyrir um 1100 árum. Af þessum ástæðum hefur Agnar ályktað að flestir landnemarnir hafi lagt af stað til Íslands frá byggðum norrænna manna á Bretlandseyjum. Nýlegar erfðarannsóknir Agnars og annarra á fleiri eyþjóðum Norður Atlantshafsins hafa rennt frekari stoðum undir þessa sögutúlkun.

Árið 2000 hóf Agnar störf hjá Íslenskri erfðagreiningu og stýrir þar nú lítilli mannfræðideild, þar sem hann sinnir rannsóknnum á erfðasögu Íslendinga og þróunarsögu erfðabreytileika sem tengist þeim sjúkdómum sem fyrirtækið vinnur með. Á meðal nýlegra vísindagreina sem Agnar hefur birt eru t.d. rannsókn um landfræðilega lagskiptingu í erfðamengi Íslendinga. Niðurstöður þessarar rannsóknar sýndu að sterk tengsl hafa verið á milli áttþaga og erfðabreytileika á Íslandi. Þar af leiðir að flutningur fólks á milli landsvæða hefur verið óverulegur fyrr á tímum. Agnar hefur nýlega birt greinar um erfðasögu Inúíta frá Grænlandi og Kanada. Enn fremur hefur hann lagt af mörkum til mikilvægra rannsókna Íslenskrar erfðagreiningar á erfðaþáttum sjúkdóma á borð við hjartaáfall, sykursýki og blöðruhálskrabbamein sem birtar hafa verið í alþjóðlegum tímaritum á sviði mannfæðafraeði. Þá bar Agnar ábyrgð á mikilvægum verkþáttum rannsóknar Íslenskrar erfðagreiningar á þróunarsögu mjög óvenjulegs svæðis á litningi 17, sem virðist hafa áhrif á frjósemi fólks og tíðni endurröðunar á litningum í erfðamengjum þeirra. Vísindagrein um þessa rannsókn hefur vakið töluverða alþjóðlega athygli.

Agnar hefur byggt upp nýtt svið í mannfræði hér á landi og hefur í því skyni notið góðs af einstakri aðstöðu hjá Íslenskri erfðagreiningu. Hann birtir mikið í virtustu tímaritum heims og nýtur alþjóðlegrar viðurkenningar á sínu sviði. Hann er einnig ötull við að byggja upp kennslu og leiðbeina nemendum í framhaldsnámi við Háskóla Íslands. Agnar uppfyllir því ákaflega vel viðmið valnefndarinnar og er verðugur handhafi hvatningarverðlauna Vísinda- og tækniráðs 2006.

Ég vil nú biðja dr. Agnar Helgason um að koma hér og taka við hvatningarverðlaununum.

Hagtölur rannsókna og þróunar

Íslendingar vörðu um 28 milljörðum króna til rannsókna og þróunar árið 2005, um 2,8% af vergri landsframleiðslu. Aukning í krónum frá árinu 2003 er 4 milljarðar eða um 14%. Verg landsframleiðsla jókst á sama tíma um 20%. Hlutfall útgjalda til rannsókna og þróunar af vergri landsframleiðslu hefur lækkað um 1/2 prósentustig.

Árið 2005 var stærstum hluta útgjalda til rannsókna og þróunar varið til heilbrigðismála eða um 34% (9,6 milljarðar króna á föstu verðlagi ársins 2005). Um 11% var varið til fiskveiða og landbúnaðar eða um 3,1 milljarði króna.


Ísland er í fimmta sæti af ríkjum OECD hvað varðar útgjöld til rannsókna og þróunar á árinu 2005 í hlutfalli við verga landsframleiðslu. Ísland fylgir þar á eftir Svíþjóð, Finnlandi, Kóreu og Sviss.

Fyrirtæki á Íslandi vörðu rúmlega 14 milljörðum króna til rannsókna og þróunar árið 2005. Það voru um 52% af heildarútgjöldum til þessara mála.

Fyrirtæki á Íslandi fjármögnuðu um 48% af öllum útgjöldum til rannsókna og þróunar árið 2005. Hið opinbera fjármagnaði um 41% rannsókna- og þróunarstarfs. Um 11% fjármagns komu erlendis frá.

Á Íslandi er rúmlega 98 þúsundum íslenskra króna varið á hvern íbúa til rannsókna

Mynd 1. Útgjöld til rannsókna og þróunar og hlutfall þeirra af vergri landsframleiðslu (VLF) frá 1975 til 2006.




Heimild: Rannís.

* Upplýsingar fyrir árið 2006 eru áætlaðar.

og þróunar. Svíar verja rúmum 118 þúsundum íslenskra króna til rannsókna á hvern íbúa og Norðmenn um 65 þúsundum íslenskra króna.


Ársverk í rannsóknum og þróun á Íslandi voru 3.226 árið 2005, unnin af 5.724 einstaklingum. Stærsti hluti ársverkanna (47%) var unninn hjá fyrirtækjum.

Mynd 2. Hlutfallsleg samsetning (%) útgjalda til rannsókna og þróunar eftir sviðum frá 1985 til 2005.




Heimild: Rannís.

Mynd 3. Útgjöld til rannsókna og þróunar meðal þeirra ríkja OECD sem vörðu hlutfallslega mestu til rannsókna og þróunar árið 2005. Hlutfall af vergri landsframleiðslu. Samanburður við árið 2003.



Heimild: Rannís og OECD, Main Science and Technology Indicators, 2006.
 * Ekki eru til upplýsingar fyrir árið 2003.

Mynd 4. Útgjöld til rannsókna og þróunar sem hlutfall af vergri landsframleiðslu í nokkrum ríkjum OECD frá 1993 til 2005.




Heimild: Rannís og OECD Main Science and Technology Indicators, 2006.

Tafla 1. Útgjöld og fjármögnun á rannsóknum og þróun árið 2005 í milljónum kr. eftir framkvæmdar- og fjármögnunaraðilum.

	Framkvæmdaraðili										
	Fyrirtæki	%	Sjálfs- eignar- stofnanir	%	Opin- berar stofnanir	%	Mennta- stofnanir	%	Alls fjár- magnað	%	
Fjármögnunar- aðili	Fyrirtæki	12.442	84,9	-	-	493	7,4	706	11,3	13.641	48,0
	Sjálfsseignarstofnanir	0,5	-	80	9,4	-	-	32	0,5	112	0,4
	Hið opinbera	416	2,8	337	39,6	5.881	87,9	4.874	78,0	11.508	40,5
	Erlent fé	1.794	12,3	434	51,0	318	4,7	634	10,2	3.180	11,2
	Alls framkvæmt	14.653	100	851	100	6.692	100	6.246	100	28.441	100
Hlutfall af heildarútgjöldum %	51,5		3,0		23,5		22,0		100		

Heimild: Rannís.

Mynd 5. Útgjöld til rannsókna og þróunar á íbúa og hlutfall slíkra útgjalda af vergri landsframleiðslu í nokkrum ríkjum OECD frá 1993 til 2005.



Heimild: Rannís og OECD Main Science and Technology Indicators, 2006.

Tafla 2. Útgjöld til rannsókna og þróunar á Norðurlöndum á íbúa og hlutfall rannsókna og þróunar af vergri landsframleiðslu árið 2005. Greint eftir atvinnugeirum.

Ísl. kr. á mann	Danmörk	%	Finland	%	Ísland	%	Noregur	%	Svíþjóð	%
Atvinnulíf	54.187	68	69.968	71	50.017	51	34.075	54	88.062	74
Opinberar stofnanir	6.276	8	10.764	11	23.657	24	9.858	16	5.955	5
Æðri menntastofnanir	19.039	24	17.941	18	25.008	25	19.502	31	24.850	21
Samtals	79.501	100	98.673	100	98.682	100	63.435	100	118.866	100
Hlutfall rannsókna og þróunar af vergri landsframleiðslu (%)	Danmörk		Finland		Ísland		Noregur		Svíþjóð	
Atvinnulíf	1,6		2,5		1,4		0,8		2,9	
Opinberar stofnanir	0,2		0,4		0,7		0,2		0,2	
Æðri menntastofnanir	0,6		0,6		0,7		0,5		0,8	
Samtals	2,4		3,5		2,8		1,5		3,9	
Verg landsframleiðsla í millj. ísl. kr.	15.675.641		11.844.193		1.012.201		17.869.451		21.357.254	

Heimild: Rannís, NIFU-STEP og OECD Main Science and Technology Indicators, 2006

Tafla 3. Ársverk við rannsóknir og þróun eftir atvinnugeira og þar af ársverk sérfræðinga árið 2005.

Samtals ársverk við rannsóknir og þróun										
	Danmörk	%	Finland	%	Ísland	%	Noregur	%	Svíþjóð	%
Atvinnulíf	28.461	66	32.109	56	1.530	47	16.710	55	56.941	73
Opinberar stofnanir	3.078	7	7.422	13	955	30	5.147	17	3.391	4
Æðri menntastofnanir	11.668	27	17.453	31	741	23	8.700	28	17.223	22
Samtals	43.207	100	56.984	100	93.226	100	30.557	100	77.555	100
Ársverk sérfræðinga										
	Danmörk	%	Finland	%	Ísland	%	Noregur	%	Svíþjóð	%
Atvinnulíf	17.664	63	21.967	56	1.012	47	11.402	52	34.055	63
Opinberar stofnanir	2.029	7	4.374	11	558	26	3.449	16	2.844	5
Æðri menntastofnanir	8.287	30	12.879	33	585	27	7.000	32	16.792	31
Samtals	27.980	100	39.220	100	2.155	100	21.851	100	53.691	100

Heimild: Rannís og OECD Main Science and Technology Indicators, 2006.

Tafla 4. Fjöldi ársverka við rannsóknir og þróun eftir framkvæmdaraðilum og starfi árið 2005.

	Sérfræðingar	%	Tæknilegt aðstoðarfólk	%	Annað starfsfólk	%	Samtals	%	
Framkvæmdaraðili	Fyrirtæki	1011,5	47	321,4	48	196,6	49	1529,5	47
	Æðri menntastofnanir	585,1	27	90,5	14	65,9	16	741,5	23
	Opinberar stofnanir	501,3	23	221,9	33	126,0	31	849,2	26
	Sjálfseignarstofnanir	57,0	3	34,9	5	13,8	3	105,7	3
	Samtals	2.154,9	100	668,7	100	402,3	100	3225,9	100
	%	66,8		20,7		12,5		100	

Heimild: Rannís.

Tafla 5. Fjöldi sérfræðinga í rannsóknnum og þróun á Norðurlöndunum og þróun árin 2001, 2003 og 2005. Hlutfall kvenna þar af.


Fjöldi sérfræðinga í rannsóknnum og þróun			
	2001	2003	2005
Danmörk	29.791	36.046	19.196*
Finnland	47.534	53.430	51.219
Ísland	3.231	3.517	3.821
Noregur	34.864	35.700	37.013
Svíþjóð	-	-	-**
Hlutfall (%) kvenna af heildarfjölda sérfræðinga			
	2001	2003	2005
Danmörk	28,0	28,1	35,7*
Finnland	29,1	29,8	29,0
Ísland	34,7	39,4	39,3
Noregur	28,3	29,4	31,7**
Svíþjóð	-	-	-

Heimild: Rannís og OECD, Main Science and Technology Indicators, 2006.

*Hluti upplýsinga um sérfræðinga vantaði.

** Upplýsingar um fjölda sérfræðinga í rannsóknnum og þróun í Svíþjóð árið 2005 lágu ekki fyrir.

Mynd 6. Fjöldi tilvitnanna í vísindagreinum meðal OECD þjóða árin 1991-1995 og 2001-2005. Samanburður við meðaltal OECD.




Tafla 6. Fjöldi tilvitnanna í vísindagreinar meðal OECD þjóða árin 2001–2005 eftir fræðasviðum. Samanburður við meðaltal OECD.

	Raun- vísindi	Verkfræði og tækni	Heilbrigðis- vísindi	Landbúnaður og dýralækningar	Félags- vísindi	Hug- vísindi						
1	Bandaríkin	1,30	Sviss	1,50	Sviss	1,36	Finnland	1,56	Bandaríkin	1,16	Grikkland	1,94
2	Sviss	1,30	Danmörk	1,43	Bandaríkin	1,30	Ísland	1,48	Ungverjaland	1,12	Danmörk	1,64
3	Ísland	1,23	Holland	1,30	Ísland	1,29	Danmörk	1,42	Holland	1,08	Holland	1,60
4	Bretland	1,22	Bandaríkin	1,21	Danmörk	1,29	Bretland	1,39	Kanada	1,04	Ísland	1,33
5	Holland	1,21	Austurríki	1,17	Belgía	1,26	Noregur	1,38	Bretland	1,00	Portúgal	1,29
6	Danmörk	1,17	Þýskaland	1,14	Finnland	1,25	Svíþjóð	1,37	OECD meðaltal	1,00	Nýja Sjáland	1,29
7	Svíþjóð	1,10	Belgía	1,12	Holland	1,24	Holland	1,31	Belgía	0,98	Bretland	1,27
8	Þýskaland	1,08	Svíþjóð	1,11	Kanada	1,20	Írland	1,22	Þýskaland	0,96	Svíþjóð	1,25
9	Austurríki	1,05	Frakkland	1,05	Svíþjóð	1,17	Frakkland	1,18	Ítalía	0,94	Japan	1,19
10	Kanada	1,00	Finnland	1,01	Bretland	1,17	Bandaríkin	1,17	Svíþjóð	0,91	Bandaríkin	1,17
	OECD meðaltal	1,00	Noregur	1,01	Noregur	1,15	Sviss	1,15	Frakkland	0,90	Ástralía	1,06
11	Írland	0,98	OECD meðaltal	1,00	Ástralía	1,06	Belgía	1,13	Finnland	0,88	Noregur	1,01
12	Finnland	0,96	Spánn	0,99	Ítalía	1,06	Kanada	1,07	Noregur	0,87	Finnland	1,00
13	Frakkland	0,94	Bretland	0,98	Þýskaland	1,04	Portúgal	1,07	Danmörk	0,86	OECD meðaltal	1,00
14	Belgía	0,94	Portúgal	0,91	Frakkland	1,04	Ástralía	1,06	Sviss	0,85	Ítalía	0,95
15	Ástralía	0,94	Ítalía	0,90	Írland	1,03	Nýja Sjáland	1,04	Ástralía	0,85	Mexíkó	0,93
16	Noregur	0,88	Írland	0,90	Lúxembúrg	1,01	Ítalía	1,03	Ísland	0,81	Kanada	0,93
17	Ítalía	0,85	Japan	0,90	Austurríki	1,01	Lúxembúrg	1,01	Nýja Sjáland	0,77	Tyrkland	0,89
18	Japan	0,83	Ástralía	0,89	OECD meðaltal	1,00	Spánn	1,00	Austurríki	0,75	Austurríki	0,86
19	Spánn	0,80	Kanada	0,89	Spánn	0,95	OECD meðaltal	1,00	Mexíkó	0,70	Þýskaland	0,81
20	Ungverjaland	0,75	Tékkland	0,88	Nýja Sjáland	0,94	Grikkland	1,00	Spánn	0,68	Belgía	0,79
21	Nýja Sjáland	0,74	Nýja Sjáland	0,88	Portúgal	0,94	Þýskaland	0,89	Írland	0,68	Pólland	0,77
22	Portúgal	0,70	Ungverjaland	0,87	Ungverjaland	0,93	Suður Kórea	0,83	Pólland	0,65	Írland	0,64
23	Grikkland	0,65	Ísland	0,84	Tékkland	0,83	Japan	0,81	Suður Kórea	0,62	Sviss	0,61
24	Lúxembúrg	0,65	Suður Kórea	0,78	Japan	0,83	Austurríki	0,79	Japan	0,60	Ungverjaland	0,58
25	Suður Kórea	0,64	Grikkland	0,76	Pólland	0,78	Tékkland	0,61	Lúxembúrg	0,56	Suður Kórea	0,54
26	Tékkland	0,61	Slóvakía	0,76	Slóvakía	0,73	Mexíkó	0,55	Portúgal	0,53	Tékkland	0,52
27	Pólland	0,57	Mexíkó	0,71	Grikkland	0,66	Slóvakía	0,51	Tyrkland	0,53	Spánn	0,51
28	Slóvakía	0,53	Tyrkland	0,63	Mexíkó	0,64	Pólland	0,45	Grikkland	0,50	Frakkland	0,49
29	Mexíkó	0,50	Pólland	0,60	Suður Kórea	0,59	Ungverjaland	0,43	Tékkland	0,28	Lúxembúrg	0,49
30	Tyrkland	0,42	Lúxembúrg	0,45	Tyrkland	0,33	Tyrkland	0,41	Slóvakía	0,20	Slóvakía	0,27

Heimild: Finnish Science in International Comparison, Academy of Finland, 2006.

Mynd 7. Fjöldi birtra greina íslenskra vísindamanna í erlendum ritrýndum fagritum frá 1981 til 2005.



Heimild: National Science Indicators/Institute for Scientific Information.

Tafla 7. Hlutfall íbúa á aldrinum 25 til 64 ára með æðri menntun og þátttakendur í símenntun.

	Hlutfall íbúa með æðri menntun (%)	Hlutfall íbúa sem taka þátt í símenntun
Danmörk	33,5	27,6
Finnland	34,6	24,8
Ísland	30,6	26,6
Noregur	32,6	19,4
Svíþjóð	29,2	34,7
ESB-25	22,8	11,0
Japan	-	-
Bandaríkin	-	-


Heimild: European Innovation Scoreboard, 2006.

Tafla 8. Fjöldi umsókna um einkaleyfi hjá Evrópsku einkaleyfastofunni (European Patent Office) á hverja milljón íbúa árin 1993 og 2003.

	1993	2003
Sviss	259,2	425,6
Þýskaland	155,7	311,7
Finland	155,8	305,6
Svíþjóð	164,9	284,9
Holland	105,3	244,3
Danmörk	111,2	235,8
Japan	93,0	219,1
Austurríki	92,1	195,1
Bandaríkin	91,9	167,6
ESB-15	84,7	160,6
Ísland	23,2	153,6
Frakkland	87,7	149,1
Belgía	86,4	144,5
Bretland	76,3	121,4
Noregur	59,1	117,1


Heimild: EPO.

Mynd 8. Doktorsútskriftir Íslendinga innlanlands og erlendis frá 1970 til 2006.




Heimild: Rannís, Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn og Kvinnasögusafn Íslands.

Mynd 9. Doktorsútskriftir Íslendinga innanlands og erlendis frá 1997 til 2006 eftir fræðasviðum.



Heimild: Rannís, Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn og Kvinnasögusafn Íslands.

Mynd 10. Hlutfall Íslendinga með doktorsgráðu frá 1970 til 2006 eftir kyni og fræðasviði.



Heimild: Rannís, Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn og Kvinnasögusafn Íslands.

Starfsmenn Rannís

Anna Kristín Daníelsdóttir

Anna Kristín er deildarsérfræðingur á rannsókn- og nýsköpunarsviði. Hún er stjórnarfulltrúi í rannsóknáætlun ESB og stjórn-sýslufulltrúi í fastanefnd ESF.

Ása Hreggviðsdóttir

Ása er verkefnastjóri á alþjóðasviði. Hún er landstengiliður í evrópskum samstarfsverkefnum. Ása fer með daglega umsjón Evrópska rannsóknastarfatorgsins

Ásdís Jónsdóttir

Ásdís er sérfræðingur á greiningarsviði. Hún tekur þátt í innlendum og erlendum verkefnum og úttektum sem snúa að rannsóknnum, þróun og nýsköpun.

Áslaug Holm Johnson

Áslaug sér um móttöku og starfar við skrifstofuhald á stjórnsýslusviði.

Eiríkur Smári Sigurðarson

Eiríkur Smári er deildarstjóri á rannsókn- og nýsköpunarsviði. Hann sér um Rannsóknarnámssjóð og starfar með fagráðum Rannsóknasjóðs. Eiríkur tekur þátt í norrænu samstarfi NOS og hug- og félagsvísindasamstarfi innan ESF og hefur umsjón með íslenskri þátttöku í NORFACE.

Eirný Vals

Eirný er sviðsstjóri stjórnsýslusviðs sem sér um almennan rekstur Rannís og samþættir innra og ytra starf. Hún hefur einnig umsjón með Tækjasjóði.

Elva Brá Aðalsteinsdóttir

Elva Brá er sérfræðingur á greiningarsviði. Hún tekur þátt í innlendum og erlendum verkefnum og úttektum fyrir hönd Rannís sem snúa að rannsóknnum, þróunarstarfi og nýsköpun. Elva Brá hefur umsjón með úrvinnslu á tölfræði um doktorsmenntun Íslendinga. Hún er jafnréttisfulltrúi Rannís.

Elvar Örn Arason

Elvar er sérfræðingur á greiningarsviði. Hann tekur þátt í innlendum og erlendum verkefnum og úttektum sem snúa að rannsóknnum, þróun og nýsköpun.

Hans Kristján Guðmundsson

Hans Kristján er forstöðumaður Rannís.

Hjördís Hendriksdóttir

Hjördís er sviðsstjóri alþjóðasviðs. Hún er verkefnastjóri landstenglastarfs 6. rá., auk þess að vera sérfræðingur við áætlunina.

Ingibjörg Elsa Björnsdóttir

Ingibjörg Elsa er sérfræðingur á rannsókn- og nýsköpunarsviði. Hún sér m.a. um Rannsóknarnámssjóð.

Kristín Hjartardóttir

Kristín hefur umsjón með umsóknum og styrkjum úr sjóðum á rannsókn- og nýsköpunarsviði. Tekur þátt í viðfangsefnum og aðstoðar starfsmenn annarra starfssviða eftir þörfum.

Kristján Kristjánsson

Kristján er sviðsstjóri rannsókn- og nýsköpunarsviðs. Hann er jafnframt staðgengill forstöðumanns Rannís. Kristján hefur yfirumsjón með rekstri sjóða í umsýslu Rannís. Hann fer einnig með daglega umsýslu Launasjóðs fræðiritahöfunda.

Oddur Már Gunnarsson

Oddur Már er deildarstjóri á rannsókn- og nýsköpunarsviði. Hann hefur daglega umsýslu með Tækniþróunarsjóði. Oddur er verkefnisstjóri ERA-Net-verkefnisins SAFEFOODERA, stjórnarnefndarfulltrúi í „Food Quality & Safety – áætlun“ ESB og tengiliður stofnunarinnar við Norrænu nýsköpunarmiðstöðina (NICE).

Páll Vilhjálmsson

Páll er sviðsstjóri upplýsinga- og útgáfusviðs. Hann sér um kynningarmál stofnunarinnar, útgáfur og heimasíðu.

Ragnhildur I. Guðmundsdóttir

Ragnhildur hefur umsjón með umsóknum og styrkjum úr sjóðum á rannsókn- og nýsköpunarsviði. Tekur þátt í viðfangsefnum og aðstoðar starfsmenn annarra starfssviða eftir þörfum.



Anna Kristin



Hans



Ragnhildur



Ása



Hjördis



Rebekka



Ásdís



Ingibjörg



Skúli



Áslaug



Kristín



Snæbjörn



Eiríkur



Kristján



Svandís



Eimý



Oddur



Þorbjörg



Elva



Páll



Þorsteinn



Elvar



Páll



Þorvaldur

Rebekka Valsdóttir

Rebekka er sérfræðingur á alþjóðasviði. Hún er landstengiliður í undiráætlanana í rannsóknáætlun ESB. Rebekka tekur þátt í MAPO verkefnum sem er styrkt af 6. rannsóknáætlun ESB.

Svandís Sigvaldadóttir

Svandís hefur umsjón með umsóknum og styrkjum úr sjóðum á rannsókn- og nýsköpunarsviði. Tekur þátt í viðfangsefnum og aðstoðar starfsmenn annarra starfssviða eftir þörfum.

Skúli Þórðarson

Skúli var sérfræðingur á alþjóðasviði. Hann lauk störfum hjá Rannís á árinu.

Snæbjörn Kristjánsson

Snæbjörn er deildarverkfræðingur á rannsókn- og nýsköpunarsviði. Hann hefur daglega umsjón með Tækniþróunarsjóði. Snæbjörn er stjórnarnefndarfulltrúi í upplýsingaáætlun ESB, Eureka-fulltrúi, COST-, CSO/CNC-fulltrúi í stjórnarnefnd og landstengiliður COST á Íslandi.

Þorbjörg Valdís Kristjánsdóttir

Þorbjörg Valdís er verkefnastjóri á alþjóðasviði. Hún er landstengiliður í 6. rá og fulltrúi Rannís í evrópskum samstarfsverkefnum. Hún lauk störfum hjá Rannís á árinu

Þorsteinn Brynjar Björnsson

Þorsteinn Brynjar er verkefnastjóri á alþjóðasviði. Hann er landstengiliður í 6. rá og fulltrúi Rannís í evrópskum samstarfsverkefnum.

Þorvaldur Finnbjörnsson

Þorvaldur er sviðsstjóri greiningarsviðs. Hann tekur þátt í verkefnum á sviði greiningar og mats allt frá æðri menntun til viðskipta með hátækniáfurðir. Þorvaldur situr í fjölda nefnda og vinnuhópa og er þátttakandi í netsamstarfi af ýmsu tagi. Hann tekur þátt í norrænu hagtölusamstarfi, samstarfi innan OECD og ESB.

Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings

Rannsóknamiðstöð Íslands er ríkisstofnun sem heyrir undir menntamálaráðuneytið og starfar samkvæmt lögum nr. 3/2003 um opinberan stuðning við vísindarannsóknir og samkvæmt verkefnasamningi milli menntamálaráðuneytis og Rannsóknamiðstöðvar Íslands. Hlutverk hennar er að veita faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd vísinda- og tæknistefnu Vísinda- og tækniráðs.

Rannís vinnur að eflingu vísindarannsókna, vísindamenntunar, tækniþróunar og nýsköpunar á Íslandi í samræmi við stefnu Vísinda- og tækniráðs. Verkefnum Rannís má skipta á eftirtalin svið:

- Umsýsla fyrir sjóði.
- Hagtölur, greining og mat.
- Alþjóðlegt samstarf.
- Kynningarmál.


Skrifstofa Rannís sér um framkvæmd úthlutana og eftirlit með styrkjum úr eftirfarandi sjóðum á árinu 2006:

Rannsóknasjóði, Tækjasjóði, Markáætlun á sviði vísinda og tækni, Rannsóknarnámssjóði, Launasjóði fræðiritahöfunda, Tækniþróunarsjóði, Styrktarsjóði Sigurðar Jónssonar og Helgu Sigurðardóttur.


Á árinu 2006 varð 18.656 þús.kr. tekjuhalli af rekstri stofnunarinnar. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir stofnunarinnar 102.491 þús.kr., skuldir 114.994 þús.kr. og eigið fé var neikvætt sem nemur um 12.503 þús.kr. í árslok 2006.

Forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar Íslands og forstöðumaður Skrifstofu rannsóknastofnunar atvinnuveganna staðfesta hér með ársreikning Rannsóknamiðstöðvar Íslands fyrir árið 2006 með undirritun sinni.

Reykjavík, í júní 2006.



Hans Kr. Guðmundsson,
forstöðumaður Rannís.



Hjörtur Björnsson,
forstöðumaður SRA.



Áritun endurskoðenda

Við höfum endurskoðað ársreikning Rannsóknamiðstöðvar Íslands fyrir árið 2006. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum Rannsóknamiðstöðvar Íslands og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við ákvæði laga um Ríkisendurskoðun og góða endurskoðunarvenju en í því felst m.a.:

- að sannreyna að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka,
- að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur,
- að kanna hvort reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáruka-laga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á,
- að kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfseminni ef þær eru birtar með ársreikningi.

Endurskoðun felur meðal annars í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild og gilda um A-hluta stofnanir. Við teljum að endurskoðunin sé nægilega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Rannsóknamiðstöðvar Íslands á árinu 2006, efnahag 31. desember 2006 og breytingu á handbæru fé á árinu 2006 í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju fyrir A-hluta stofnanir.

Ríkisendurskoðun, 13. júní 2007.

Sigurður Þórðarson,
ríkisendurskoðandi.

Rekstrarreikningur árið 2006

	Skýr.	2006	2005
Tekjur			
Kostnaðarhlutdeild		1.243.255	1.979.477
Framlög frá öðrum.		74.869.662	56.823.392
Ýmsar tekjur		7.808.431	6.771.805
	1	83.921.348	65.574.672
Gjöld			
Launagjöld.	2	114.973.517	89.854.168
Starfstengdur kostnaður	3	36.501.086	25.510.058
Rekstrarkostnaður	4	41.625.269	39.777.605
Aðkeypt þjónusta.	5	15.515.290	11.105.605
Húsnæðiskostnaður	6	14.597.284	11.081.404
Tilfærslur	7	3.987.615	2.175.137
		227.200.061	179.481.973
Eignakaup	8	4.875.366	744.836
		232.075.427	180.226.809
Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir hreinar fjármunatekjur		(148.154.079)	(114.652.137)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	9	8.097.889	8.912.198
Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir ríkisframlag . . .		(140.056.190)	(105.739.939)
Ríkisframlag		121.400.000	106.000.000
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins		(18.656.190)	260.061



Efnahagsreikningur 31. desember 2006

	Skýr.	2006	2005
Eignir			
Veltufjármunir			
Ríkissjóður	12	0	5.000.922
Viðskiptakröfur		34.065.843	16.354.902
Aðrar skammtímakröfur		1.003.623	997.929
Skammtímafjárfesting		456.092	405.515
Handbært fé	10	66.965.522	59.627.906
		<u>102.491.080</u>	<u>82.387.174</u>
Eignir alls		<u>102.491.080</u>	<u>82.387.174</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Höfuðstóll í ársbyrjun		6.153.478	5.893.417
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins		(18.656.190)	260.061
Eigið fé	13	<u>(12.502.712)</u>	<u>6.153.478</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Ríkissjóður	12	7.681.450	0
Viðskiptaskuldir	11	101.871.740	66.891.021
Fyrirframgreiddar tekjur		5.440.602	9.342.675
Skuldir		<u>114.993.792</u>	<u>76.233.696</u>
Eigið fé og skuldir		<u>102.491.080</u>	<u>82.387.174</u>

Viðaukar

Úthlutun úr Launasjóði fræðiritahöfunda 2006

Styrkþegi	Verkefni	Fjárhæð í kr.
Birgir Hermannsson	Sjálfstæðisbaráttan og íslensk þjóðernishyggja	1.483.200
Friðrik G. Olgeirsson	Ævisaga Davíðs Stefánssonar frá Fagraskógi	1.483.200
Hrafnhildur Schram	Líf og list Júlíönnu Sveinsdóttur myndlistarkonu frá Vestmannaeyjum	1.483.200
Jakob F. Ásgeirsson	Ævisaga Bjarna Benediktssonar, forsætisráðherra	1.483.200
Sigrún Helgadóttir	Í björgum Jökulsár	1.483.200
Sigrún Sigurðardóttir	Ljósmyndir og menningarfræði	1.483.200
Sumarliði R. Ísleifsson	Ímyndir Íslands á 20. Öld	1.483.200
Tuomas Järvelä	Íslensk-finnsk orðabók	1.483.200
	Samtals	11.865.600



Úthlutun úr Rannsóknasjóði 2006

Umsóknir til Rannsóknasjóðs um öndvegis-, verkefnis- og rannsóknastöðustyrki þessu sinni voru alls 401, þar af 135 umsóknir um styrki til framhaldsverkefna og 266 til nýrra verkefna.

Stjórn Rannsóknasjóðs hefur úthlutað til 201 verkefna, þar af 128 framhaldsverkefna og 73 nýrra verkefna (sjá nánar lista hér fyrir neðan). Úthlutun þessu sinni fá alls 11 umsóknir um öndvegisstyrk, 172 umsóknir um verkefnisstyrk og 18 umsóknir um rannsóknastöðustyrk. Samtals er úthlutað 571,8 millj.kr., þar af koma 9,0 millj. kr. úr Framleiðnisjóði Landbúnaðarins, 5,1 millj.kr. úr Tækjasjóði og 1,0 millj.kr. úr styrktarsjóði Sigurðar Jónssonar og Helgu Sigurðardóttur. Úthlutunarhlutfall nýrra umsókna 2006 er um 27% (fjöldi umsókna).

Á fundi stjórnar Framleiðnisjóðs þann 23. febrúar var samþykkt að styrkja 7 verkefni í samstarfi við Rannsóknasjóð, 5 framhaldsverkefni og 2 ný verkefni. Í töflunum hér að neðan er tekið sérstaklega fram hvaða verkefni þetta eru og hver styrkur Framleiðnisjóðs er til verkefnanna.

Tækjasjóður styrkir sérstaklega tækjakaup í samstarfi við Rannsóknasjóð í 6 nýjum verkefnum. Í töflunum hér að neðan er sérstaklega tekið fram hvaða verkefni þetta eru og hver styrkur Tækjasjóðs er til þessara verkefna. Heildarupphæð styrkja Tækjasjóðs 2006 er 5,1 millj.kr.

Auk úthlutunar úr Rannsóknasjóði samþykkti stjórn sjóðsins einn styrk að upphæð 1,0 millj.kr. úr styrktarsjóði Sigurðar Jónssonar og Helgu Sigurðardóttur. Styrkinn hlýtur Bergljót Magnadóttir, Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, til verkefnisins – Bráðasvar í þorski (*Gadus morhua* L.) með áherslu á C-reactive prótín (CRP)próteins í frumum. Sjóður þessi var stofnaður 1985 og skal varið til eflingar rannsókna í meinafræði manna og dýra. Þetta er í þriðja sinn sem úthlutað er úr sjóðnum.

NÝ VERKEFNI ER FÁ STYRK ÚR RANNSÓKNASJÓÐI 2006

VERKFRÆÐI, TÆKNI OG RAUNVÍSINDI

